Tannlæknaþjónninn

© 2018-2022 - Hugmót ehf og TEG ehf, Iceland

Dagbók 🗣 🤅	reining 🚱 Áætlun 🥵 Þjóðskrá	á 😨 Símaskrá	👌 skjöl 🛙 🛍	Digirex	🗙 Hætta
185 - Ingólfur	Helgi Tryggvason (57) [893	-8227 557-492	7 560-1525]	-	Minnka
iækja Kort	Stofn Status Perio Nýr	1			
Númer	5485			1	
Kensitele	150757 2220			6	
Kennitala	150757-2239 Saekja ur	Pjoaskra Myr	na		0
Nafn	Ingólfur Helgi Tryggvason				
Heimili	Jakasel 16				
Póstnúmer	109 Reykjavík				
Simar: Hs.	557-4927 Vs. 560-1525 Sækja símanúmer				
GSM	893-8227 🙀 🗹 VII fá SMS Siðast 19. mars 2015				
Netfang	it@hugmot.is Skráning 13. apr. 2011				
Starf	Kerfisfræðingur Kyn Maður 👻 Skoðun 19. ma		19. mars 2015		
Hópur	ТР	Staða Virkur	▼ Me	aðferð lokið	19. mars 2015
Athugasemdir	Hér má skrá nokkuð ítarlegar upplýsingar um sjúklinginn og sjást fyrstu 6 línurnar strax þegar Stofninn er opnaður. Skrá má nánast ótakmarkaðan texta ef svo ber undir.				
Tilvísun	Frá Jóni Pálssyni Endurgreiðsla SÍ				
Forráð				Stai	ða hjá SÍ EALM
Kt. forráðamanns	Uppfæra SÍ-stöðu		færa SÍ-stöðu		

Þessi síða er viljandi höfð auð

Tannlæknaþjónninn

Forrit fyrir tannlæknastofur

Tannlæknaþjónninn er forrit sem auðveldar tannlæknum og aðstoðarfólki að halda utan um sjúklinga og sögu þeirra.

Forritið innifelur dagbók fyrir tímapantanir, skráningu á helstu atriðum um sjúklinginn og um þær aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið á honum.

Tannlæknaþjónninn býður einnig upp á ýmiss konar útskriftir, ásamt tengingum við bókhald o.fl. Þar með uppfyllir það allar helstu þarfir tannlæknis til að halda utan um daglegan rekstur stofunnar.

Tannlæknaþjónninn

© 2018-2022 - Hugmót ehf og TEG ehf, Iceland

Þessi handbók lýsir Tannlæknaþjóninum, sem er forrit fyrir tannlæknastofur. Sýniseintak af kerfinu er fáanlegt, en það leyfir engar útprentanir eða SMS-sendingar. Þú getur samt prófað flestar aðgerðir kerfisins.

Skráð eintak af forritinu er án allra slíkra takmarkana, svo þú getir notað það í daglegum rekstri stofunnar. Notendaleyfi fæst gegn hóflegu gjaldi, ásamt uppfærslurétti í 1 ár í senn.

Hvert notendaleyfi veitir leyfi til uppsetningar forritsins (Tann.exe) á öllum tölvum stofunnar.

Þér er heimilt að dreifa forritinu til annarra að vild, svo fremi að það sé innsetningarskráin í heild sinni. Öll hnýsni í innviði forritsins (e. reverse engineering) eða afhending notendanafns og leyfisnúmers til annars aðila, er með öllu óheimil.

Notandi forritsins ber sjálfur ALLA ÁBYRGÐ á skemmdum eða gagnatapi sem kann að leiða af notkun forritsins.

Með notkun forritsins er litið svo á að þú samþykkir ofangreinda skilmála. Hugmót ehf mun leita til dómsstóla og krefjast skaðabóta, verði vart við alvarleg brot á þessum skilmálum.

Prentað í Reykjavík í janúar 2022

Útgefandi

Hugmót ehf

Höfundur Ingólfur Helgi Tryggvason

Sérstakar þakkir fá:

Hængur Þorsteinsson fyrir ráðgjöf og prófanir, en hann hefur verið aðal hvatamaður að gerð og þróun forritsins gegnum tíðina.

Kolbeinn Normann og Hannes Ríkarðsson fyrir ítarlegar prófanir og ýmsar ábendingar um lagfæringar og nýjungar.

Fjöldi annarra tannlækna og klínkur þeirra fá einnig bestu þakkir fyrir gagnlegar ábendingar um atriði sem betur máttu fara.

5

Efnisyfirlit

Hluti I	— Tannlæknaþjónninn	9
1	Kynning á kerfinu	10
2	Kröfur til búnaðar	11
3	Nýtt í þessari útgáfu	12
4	Saga Tannlæknaþjónsins	16
Hluti II	— Notkunarskilmálar	19
1	Höfundarréttur	20
2	Notendaleyfi	20
3	Viðhaldssamningur	20
4	Aðgangur að Þjóðskrá	21
Hluti III	— Forritið sett inn	23
1	Innsetningarforrit	24
2	Samnýting gagna á neti	24
Hluti IV	— Uppsetning	27
1	Prentarar	28
	Prentari 1-4	28
	Skjaprentun Prenta í skrá	29 30
2	Útprentanir	31
3	Tannlæknar	33
4	Almennt	34
	Stofa	34
	Lyklar	35
	Bókhald	30
	RVG myndavélar	38
-	Flýtitakkar	39
5	Status	. 40
6 7	Notkunarieyii	41
Hluti V	— Notkun þjónsins	43
1	Nýskráning sjúklings	44
2	Sækja sjúkling	45
3	Skráning aðgerða	47
4	Skráning aðgerða v/barna	49
5	Ástand tanna	49
6	Perio	51

Hluti VI	— Rafræn samskipti við SÍ	53
1	Rafræn skilríki	54
2	Forsendur	55
3	Uppfæra stöðu	56
4	Skrá aðgerðir	57
5	Senda reikning	58
6	Skrá greiðslur	59
7	Bakfæra SÍ-reikning	59
Hluti VII	— Dagbók	61
1	Bóka tíma	62
2	Breyta tímabókun	63
3	Senda áminningu með SMS	63
Hluti VIII	— Aðrar aðgerðir	65
1	Senda SMS-skeyti til valinna aðila	66
2	Afrita helstu atriði um sjúkling	67
3	Algeng skjöl fyrir sjúkling	67
4	Uppfletting í Vanskilaskrá	68
5	Greining	68
6	Áætlun	69
7	Þjóðskrá	70
8	Símaskrá	71
9	Skjöl	71
10	Taka myndir	
11	Flytja gögn úr Sjúklingaskránni	
12	Athuga nýrri útgáfu	74
Hluti IX	— Sannprófun gagna	77
1	Finna galla í gögnum	
2	Senda gögn í viðgerð	79
Hluti X	— Öryggisafritun	81
1	Afritun út á Netið	83
2	Afritun á aðra diska	83
3	Afritun með WinZIP	83
4	Endurheimta gögn	84
Hluti XI	— Tæknimál	85
1	Stillingar fyrir SMS-skeyti	86
2	Töflur í gagnagrunni	86
3	Tenging við önnur kerfi	87
4	Atburðaskráning	88

7

5	Sjálfvirk drifmöppun	
6	Sveigjanleg nafnaleit	
7	Tenging við myndavélar	
8	Breytuheiti	
9	Þróunarumhverfi	
Hluti XII	— Aðstoð í boði	93
1	Þjónustuvefur	
2	Fjaraðstoð	
3	Afritun gagna	
4	Viðhald tölvukerfis	
	Atriðisorðaskrá	97

Þessi síða er viljandi höfð auð



1 Tannlæknaþjónninn

1.1 Kynning á kerfinu

Tannlæknaþjónninn er forrit sem auðveldar tannlæknum og aðstoðarfólki að halda utan um sjúklingana og sögu þeirra.

Forritið innifelur dagbók fyrir tímapantanir, skráningu á helstu atriðum um sjúklinginn og utanumhald um þær aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið á honum.

Forritið býður einnig upp á ýmiss konar útskriftir og sendingu gagna til Sjúkratrygginga, ásamt tengingum við bókhald o.fl. Þar með uppfyllir það allar helstu þarfir tannlæknis til að halda utan um daglegan rekstur stofunnar sinnar. Skoðaðu efnisyfirlitið til að kynna þér nánar einstaka þætti forritsins.

Helstu eiginleikar kerfisins eru:

- Sending reikninga rafrænt til SÍ
- Nota má kerfið á stakri tölvu eða á netkerfi
- Allt að fjórir tannlæknar með eigin gagnagrunn geta notað sömu tölvu
- Sjúklingaskrá með frjálsum textasviðum fyrir athugasemdir og greiningu
- Almenn sjúkrasaga með aðvörunum
- Kostnaðaráætlun. Hægt að geyma margar fyrir hvern sjúkling.
- Alls 4 taxtar: Almennt, SÍ-almennt, Sérkjör og SÍ-barna.
- Þægilegar og fljótvirkar leiðir til að breyta hinum töxtunum
- Grafísk framsetning á status tanngarðs, sem er uppfærður sjálfvirkt af korti. Hægt að geyma marga statusa.
- Grafísk framsetning á perio (mælingar, blæðingar, horfur o.fl.)
- Tvö innköllunarkerfi
- Allt að 24 tannlæknar eða tannfræðingar geta merkt sér færslur í kort (hver með sinn lit).
- Dagbók með þægilega grafíska vikuframsetningu og biðlista. Allt að 24 dagbækur. Flýtifletting.
- SMS-sendingar til að minna sjúklinga á tíma
- DMF statistík
- Aðgerðastatistík
- "Saga" tannar
- Sex sérfræðigreinar skilgreindar
- Flýtitakkar, skilgreinanlegir.
- Listaútprentanir á prentara, í skjáglugga eða yfir í ritvinnsluskjal.
- Klippa-og-líma má milli Tannlæknaþjóns og annara forrita, svo sem Word, m.a. tanngarður og perio.
- Eigin Símaskrá t.d. fyrir þjónustuaðila
- Innbyggð lyfjaskrá



- Skjalageymsla fyrir umsóknir, lyfseðla, vottorð, myndir, kostnaðaráætlanir og þ.h.
- Hægt að læsa aðgengi að bókhaldi, skuldalista og korti með aðgangsorði.
- Útprentanir:
 - Reikningar
 - Kreditnóta
 - Greiðslukvittun
 - Tannsmíðareikningur
 - Almenn tilvísun
 - SÍ umsókn (er nú á netinu)
 - SÍ áverkavottorð
 - Lyfseðill (nýja formið)
 - Mætingarvottorð
 - Kostnaðaáætlun sjúklings
 - Heildarútprentun korts sjúklings
 - Yfirlit dags/tímabils aðgerða á kortum. Hægt að læsa með aðgangsorði.
 - Yfirlit dags/tímabils útprentaðra reikninga
 - Dagbók tiltekins dags
 - Listi sjúklinga
 - Listi sjúklinga, sem skulda
 - "Týndir" sjúklingar, (sem ekki hafa mætt sl. 12 mánuði)
 - Límmmiðaprentun vegna innheimtu og innköllunar
 - Innköllunarlisti dags/tímabils
 - Aðgerðaskrá
- Uppsetningar:
 - Gluggar opnast aftur á þeim stað, sem notandi velur.
 - Notandi getur breytt virkni flýtilykla.
 - Fjöldi sjúklinga og aðgerða takmarkast aðeins af diskplássi.
 - Tenging við helstu launa- og fjárhagsbókhaldskerfi (t.d. STÓLPA)
 - Tenging við munnmyndavélar og Videokerfi (STV)
 - Tenging við nánast öll digital röntgenkerfi, s.s. TROPHY, SUNI, Dimaxis, Dexis, Digirex, Digora, VixWin, DBSWin, Schick og Sidexis. Einnig er auðvelt að skilgreina ný röntgenkerfi.

1.2 Kröfur til búnaðar

Tannlæknaþjónninn keyrir á Windows-tölvum og gerir ekki miklar kröfur til vélbúnaðar.

Skynsamlegast er að nota nýjasta Windows-stýrikerfið (10 eða 11), en forritið gengur líka á eldri Windows-útgáfum (8, 7, Vista eða XP). Almennt má segja að lágmarkskröfur til tölva og netkerfis sem Tannlæknaþjónninn vinnur á, séu þessar:

- Örgjörvi með 1 GHz tiftíðni
- 1 Gb innra minni
- 20 Gb diskpláss
- Skjákort með 1200 x 1024 díla upplausn eða meiri
- Mús og lykilborð
- Laser- eða bleksprautuprentari
- Netkort fyrir samnýtingu á neti og/eða tengingu við Internetið
- Internet-tenging fyrir tengingu við símaskrá, Þjóðskráruppflettingu, SMSsendingar, sendingu til SÍ og uppfærslur forritsins

Þetta þýðir að Tannlæknaþjónninn gengur á næstum hvaða Windows-tölvu sem er. Þar sem stuðningur Microsoft við eldri stýrikerfi fer minnkandi, mælum við með Windows 8 sem lágmarki.

1.3 Nýtt í þessari útgáfu

Tannlæknaþjónninn er í stöðugri þróun og ný útgáfa er gefin út minnst einu sinni á ári og tilraunaútgáfur þess á milli. Þessi hjálpartexti var síðast uppfærður 20.1.2022.

Þessi útgáfa Þjónsins, 2022.1.20.1, sem gefin var út í janúar 2022, inniheldur ýmsar nýjungar og lagfæringar sem notendur hafa óskað eftir. Má þar nefna:

- Nýtt: Stuðningur við aukatennur vegna sendinga til SÍ (tönn 1x / 2x / 3x / 4x)
- Nýtt: Kerfið varar við ef reynt er að bóka tíma á almennum frídegi
- Nýtt: Auðvelt að senda SMS-skeyti beint úr Biðlistanum
- Nýtt: Hreinsa má SMS-sent merki fyrir tiltekinn dag og tannlækni, svo senda megi margar áminningar (t.d. með viku- og dags fyrirvara)
- Nýtt: Stuðningur við ef SÍ-reikningur er settur á bið (einkum fyrir tannréttara)
- Nýtt: Hægt er að skilgreina annan texta en "TFÍ" í haus reiknings
- Nýtt: Auðvelt að endurvekja glugga sem "týnast"
- Lagfæring: Staða sjúklings breytist aðeins í SÍ-almennt ef hann fær endurgreiðslu
- Lagfæring: Varað við þegar færslu er eytt af Biðlista
- Nýtt í TannData: Uppfæra má Aðgerðaskrá/gjaldskrá skv. SÍ-taxta
- Nýtt í TannData: Auðvelt að finna síðasta SÍ-reikning, til að laga ósamræmi í reikningsnúmerum
- Ýmsar aðrar smærri lagfæringar

Forveri hennar, 2018.9.15.1, sem gefin var út í september 2018, innihélt meðal annars:

- Nýtt: SÍ-taxti vegna endurgreiðslu til aldraðra og öryrkja
- Lagfæring: Sending á stöku SMS fyrir til að minna á tíma, gefur nú réttan tíma skv. dagbók
- Ýmsar aðrar smærri lagfæringar

Útgáfan þar áður, 2015.4.15.1 var gefin út í apríl 2015 og innihélt:

- Nýtt: Bakfærsla á SÍ-reikningi
- Nýtt: Sveigjanleg nafnaleit (óháð millinafni)
- Nýtt: Kynkóði og sjálfvirk kyngreining út frá nafni.
- Nýtt: Leit í aðgerðaskrá.
- Nýtt: Skoða fjölda þjóðskrárflettinga yfir tiltekið tímabil.
- Nýtt: Skilgreina má sjálfgefinn fjölda tíma-hólfa (kortera) við skráningu í dagbók.
- Nýtt: Sækja símanúmer til ja.is með vefþjónustu (mun áreiðanlegra en eldri aðferðir).
- Nýtt: Tenging við Digirex röntgenforrit.
- Nýtt: Hægri-smellu valmynd í kort (til að merkja línur og fella niður).
- Hlutur sjúklings og hlutur SÍ prentast á reikning.
- Sending reiknings til SÍ hefur verið endurbætt vegna sérumsókna, tannsmíðakostnaðar og tannréttinga.
- Lagfæringar á Sérfræðiálagi.
- Aldur sjúklings er nú reiknaður rétt m.v. fæðingardag.
- Innköllunarlisti inniheldur nú öll símanúmer sjúklings.
- Draugalína á nýjum sjúklingum heyrir sögunni til.
- Innbyggð öryggisafritun hefur verið fjarlægð úr Þjóninum og þess í stað mælt með sjálfstæðum forritum fyrir afritun gagna.
- ... auk fjölda annarra smærri lagfæringa.

Fyrri útgáfa, 2014.5.12.1, sem gefin var út í maí 2014, innihélt eftirfarandi betrumbætur:

- Nýtt: Rafræn samskipti við Sjúkratryggingar Íslands
- Endurbætur á dagatali í dagbók, þ.e. betra útlit og 31. desember kemur nú með.
- Lagfæringar á Sérfræðiálagi.
- Rammaskjal fyrir sjúkraþjálfun.
- Endurbætur á TannData til að finna aðila án GSM-númers.
- TannData: Finna ytri IP-tölu (sem er notuð við fjarstýringar á tölvum)
- ... og fjölda annarra smærri lagfæringa.

Útgáfan þar áður, 2013.5.14.1, sem gefin var út í maí 2013, innihélt þessar breytingar:

- **Nýtt:** Aðlögun að samningi milli SÍ og TFÍ um 100% endurgreiðslu á tannlækningum fyrir börn og unglinga í tilteknum aldurshópum. Verðskráin fylgir með Þjóninum, svo notendur þurfa ekki að breyta sínum verðskrám. Einnig fylgja skýringar á endurgreiðslureglum, sem birtast þegar aðgerðarlína er skráð á kort sjúklings.
- Nýtt: OpenDigora tengiforrit í boði fyrir aðila sem nota Digora röntgenskanna fyrir digital-filmur.
- Nýtt: Hægt er að merkja sjúklinga sem virka/óvirka/látna og velja viðeigandi hópa í ýmsum skýrslum.
- Lagfæring á tengingu við símaskrá á www.ja.is
- Sveigjanlegri tenging við nokkur röntgenforrit (skilgreina má staðsetningu og heiti samskiptaskrár)
- Lagfæring á útprentun lyfseðla (læknisnúmer fært til)
- ... og fjölda annarra smærri lagfæringa.

Útgáfan þar á undan, 2012.9.15.1, sem gefin var út í september 2012, innihélt þessar breytingar:

- Nýtt: Senda SMS-áminningar til valinna aðila
- Nýtt: Staðlaðir rammatextar í sendingu áminninga með SMS og tölvupósti.
- Nýtt: Skilgreina má hvaða flipar sjáist (Kort, Stofn, Status, Perio) þegar sjúklingur er valinn
- Endurbætt uppfletting símanúmera, með sjálfvirkri tengingu við vefsíðu ja.is ef áreiðanlegar upplýsingar um símanúmer finnast ekki.
- Tenging við DBSWin fyrir börn fædd árið 2000 hefur verið lagfærð.
- Fleiri breytur hafa verið skilgreindar, fyrir samskipti við önnur forrit.
- Ýmsar lagfæringar á hjálpartexta, notendahandbók og uppfærsluferli.
- TannData forritið býður nú upp á ákall á ýmis hjálpartól, sem m.a. auðveldar greiningu netvandamála.
- TannData getur nú skipt upp símanúmerum, þar sem 2 eða 3 númer hafa verið skráð í heimasíma/vinnusíma.
- ... og fjölda annarra smærri lagfæringa.

Forveri hennar, 2012.1.14.1, sem gefin var út í janúar 2012, innihélt þessar breytingar:

- Nýtt: Leita má eftir sjúklingi út frá símanúmeri. Hentar vel ef þú notar númerabirtingu á símanum.
- Nýtt: Leita má eftir sjúklingi út frá tilvísandi tannlækni.
- Nýtt: Raða má lista yfir sjúklinga sem fundust á ýmsa vegu, með því að smella á viðeigandi dálk. Einnig birtist fjöldi þeirra á stöðulínu.

Tannlæknaþjónninn

- **Nýtt:** Skilgreina má hvaða flipi opnast þegar sjúklingur er opnaður: Kort, Stofn, Status eða Perio.
- Nýtt: TannData forritið getur nú endurbyggt skemmdar lykilskrár (indexa) fyrir töflur.
- Skýrari framsetning á lista yfir sjúklinga sem fundust skv. leitarskilyrðum. Póstnúmer og kennitala birtist nú líka.
- Val á dagsetningum og tímabilum hefur verið endurbætt.
- Villa sem lýsti sér í röngum haus á reikningi ef athugasemdir voru skrárðar við kortalínu, hefur verið lagfærð.
- Villuprófun á dagsetningu innkalls: Ekki er leyft að tilgreina dagsetningu sem er liðin.
- Fleiri möguleikar bjóðast nú í sendingu áminninga með SMS og tölvupósti.

Undanfari hennar, 2011.10.3.1, sem gefin var út í október 2011, bauð upp á eftirfaldar breytingar:

- **Nýtt:** Afrita helstu atriði um sjúkling yfir á Windows klippuborðið. Þetta má m.a. nota v/samskipta við önnur forrit, límmiðaprentun o.fl. Hægt er að skilgreina hvaða svæði eru notuð, sem og útlit (format) afritunarinnar í Tann.ini stýriskránni.
- **Nýtt:** Stofna má algeng skjöl fyrir sjúkling, t.d. slysavottorð og önnur skjöl sem send eru til Sjúkratrygginga Ríkisins. Fyrst er rammaskjal afritað yfir í skjalasafn sjúklingsins og það síðan opnað.
- Nýtt: Mögulegt er að stilla Dagbókina þannig að dagurinn byrji fyrir kl. 08:00 á morgnana og úthlutaðar tímaeiningar geta verið 5, 10, 15, 20, 30 eða 60 mínútur að lengd.
- Nýtt: Nýr takki í dagbók [Dagurinn í dag] svo auðveldara sé að hlaupa á þann dag sem mest er unnið með.
- Nýtt: Eyða má mynd sjúklings af skrá (með því að hægri-smella á myndina og velja viðeigandi aðgerð).
- Nýtt: Val um að Skrá ítarlegar upplýsingar í atburðaskrá, til að auðvelda greiningu samskiptavandamála o.fl. í þeim dúr.
- Auðveldari tenging við Myndasafn (skjalasafn) sjúklings með Ctrl+M.
- Myndasafn sjúklings er nú stofnað sjálfvirkt, án þess að birta viðvörun.
- Tenging við SIDEXIS röntgen myndavélar hefur verið endurbætt. Þessi tenging hefur verið sannprófuð hjá Tannlæknadeild Háskólans.
- Villa í prentun reikninga, þar sem haus átti til að hverfa, hefur verið lagfærð.
- Birting dagsetninga í kerfinu, er nú víðast hvar á almennu íslensku formi: 15. okt. 2011 (í stað 15. Okt 2011)
- TannData villukamburinn var endurbættur. Nú er betur unnt að stjórna hvaða skrár og svæði verða villuprófuð.
- ... og fjölda annarra smærri lagfæringa.

Útgáfan á undan henni, 2011.4.10.1, sem gefin var út 10. apríl 2011, innihélt ýmsar nýjungar og lagfæringar:

- Athugasemdir um sjúkling í Stofni: Athugasemdirnar geta verið nokkuð ítarlegar og sjást fyrstu 6 línurnar strax. Ekki þarf lengur að nota önnur svæði undir slíkar upplýsingar.
- Betri tenging við þjóðskrá (Socket error villan heyrir nú sögunni til).
- Tenging við Vanskilaskrá (Vogina hjá CreditInfo) gegnum valmyndina.
- Hægt er að fletta í þjóðskrá eftir nafni eingöngu, við nýstofnun sjúklings. Þá birtist nafnaleitin í þjóðskrá og þú getur valið rétta aðilann og "sótt" hann.
- Upplýsingar um forráðamann eru ekki hreinsaðar út við uppflettingu í þjóðskrá, nema nýjar sé að hafa. Breytingin er einnig vistuð í atburðaskrána.
- TannData villukamburinn var endurbættur.

• N\ú+4

14

- Betri aðlögun fyrir Windows 7 og VISTA (stækkun leturs).
- ... og ýmsar aðrar smærri lagfæringar.

Útgáfan þar áður, 2011.3.27.1, sem var gefin út 27. mars 2011, innihélt þessar nýjungar og betrumbætur:

- Endurbætur á skilgreiningum um SMS-þjónustu sem nota skal til sendingar á SMSskeytum, svo hægt sé að tengjast við fleiri þjónustuaðila.
- Tengingu við Schick röntgenmyndavélar.
- Tengingu við Sidexis röntgenmyndavélar.
- Tengingu við aðrar tegundir myndavéla sem ekki hafa þegar verið skilgreindar. Notuð er sveigjanleg skipanalína sem leyfir fjölda breytuheita.
- Virkja má atburðaskráningu frá valmynd og nota til að greina ýmis vandamál.
- Niðurfelling bókunar úr dagbók er nú skráð í atburðaskráningu, svo finna megi út eftirá hvaða sjúklingur það og aðrar upplýsingar um bókunina.
- Skoða atburðaskráninguna (Tann.log).
- Sjálfvirkt ákall á skipun fyrir drifmöppun, ef samband næst ekki við gagnagrunninn þegar forritið er ræst.
- Takki fyrir Myndasafn verður nú feitletraður ef safnið er til og einhver skjöl er þar að finna.
- Þegar sjúklingur er stofnaður, er nú sjálfgefið hakað við "Vill fá SMS".
- Sjálfgefið er nú að leita í Netþjóðskrá ef hún og þjóðskrá á diski eru báðar virkar.
- TannData villukamburinn var endurbættur og ræður nú við fleiri villur en áður.
- ... auk fjölda annarra smærri lagfæringa.

Útgáfan þar áður, 2011.3.14.1, sem gefin var út 14. mars 2011, innihélt ýmsar nýjungar og betrumbætur, þar á meðal:

- Sækja má símanúmer (heimasíma og GSM-síma) sjálfvirkt frá www.ja.is með því að smella á takkann Sækja símanúmer í stofni.
- Hægt er að skilgreina hvaða SMS-þjónustu skuli nota til sendingar á SMSskeytum. Sendandinn ber kostnað af slíkri áskrift, en áreiðanleikinn er mun meiri. Dæmi um slíka þjónustu er www.isms.is þar sem hvert skeyti kostar um 12 kr.
- Atburðaskráning (e. logging) vegna samskipta yfir Internetið. Hentar vel til að rekja samskiptavandamál.
- Heimilisfang og póstnúmer sést nú í leit í þjóðskrá á diski.
- Valkostur: Nota bandstrik í símanúmeri. Þegar símanúmer er skráð eða sótt, er það vistað á forminu 893-8227 en annars sem 893 8227.
- Formar símanúmer sjálfvirkt við innslátt, ýmist með orðabili eða bandstriki.
- Mögulegt er að ræsa fleiri en eitt eintak af Tannlæknaþjóninum, t.d. ef tvær stofur nota sömu tölvuna. Rofi /M á skipanlínu leyfir það.
- Prentun Greiðslukvittunar gerð virk á ný.
- TannData: Laga format símanúmera í Sjúklingaskránni.
- TannData: Gróf hraðamæling á lestri gagna úr gagnagrunninum, og tenging við Netspeed og http://reykjavik.speedtest.net sem allt getur hjálpað við greiningu á netvandamálum.
- Innsetningarforrit fyrir nýja aðila. Setur inn Tannlæknaþjóninn og Borland Database Engine. Prufuleyfi fylgir.
- Endurbættur hjálpartexti og notendahandbók.
- Hjálpartextinn er nú líka aðgengilegur á vefnum á slóðinni www.hugmot.is/tann/help

Fyrri útgáfa (2011.3.6.1) bauð upp á þessar nýjungar og betrumbætur í samanburði við útgáfu 5.x frá september 2009:

- Endurbætt útlit í samræmi við Windows hefðir
- Bein tenging við þjóðskrá við stofnun sjúklings. Nafn og kennitala forráðamanns er líka fyllt út ef við á.
- Leit í þjóðskrá á netinu
- Fletta má auðveldlega upp fjölskyldu sjúklings
- Sækja má sjúkling/stofna hann beint úr þjóðskrárleit
- Flytja má gögn úr Sjúklingaskránni yfir í textaskrá fyrir Excel o.fl. forrit
- Sending gagna til Sjúkratrygginga
- Sjálfvirk skipting milli sviða í leit
- Möguleiki á fjölda í aðgerðum á bak við flýtivísanir
- Tenging við myndasafn sjúklings (og sjálfvirk stofnun þess)
- Sjálfvirk athugun á nýrri útgáfu
- Sérstakt forrit sem sannprófar gögn kerfisins (TannData)
- Ítarlegur hjálpartexti
- Notendahandbók á PDF-formi sem hentar til útprentunar
- Öruggari sendingu SMS-skilaboða
- Sending stakra SMS-skilaboða
- Bein tenging við tölvupóst frá netfangi sjúklings
- ... og ýmsar aðrar smærri lagfæringar

Allar ábendingar um atriði sem betur mega fara og nýja verkþætti sem þú vilt sjá í Tannlæknaþjóninum, eru vel þegnar. Sendu tölvupóst á it@hugmot.is og þú gætir séð hugmynd þína verða að veruleika í næstu útgáfu Tannlæknaþjónsins!

Þessi notendahandbók er í stöðugri mótun og verður í raun seint fullgerð.

1.4 Saga Tannlæknaþjónsins

Tannlæknaþjónninn var upphaflega hugarfóstur Hængs Þorsteinssonar tannlæknis og á sér langa sögu.

Árið 1987 lagði Kristinn Johnsen grunninn að kerfinu og útfærði það fyrir Archimedes tölvur frá Acorn. Kerfið byggði á hinu hefðbundna sjúklingakorti og gerir enn. Fyrsta útgáfan var tekin í notkun 1988 á tannlæknastofu Hængs. Ragnar Hafstað og Garðar Runólfsson tóku síðan við þróun forritsins.

Árið 1996 þegar Windows 95 hafði fest sig í sessi, var ráðist í endurgerð forritsins fyrir Windows tölvur. Ragnar tók að sér verkið og forritaði það í Delphi (Pascal fyrir Windows) og virkjaði Borland Database Engine fyrir gagnagrunninn. Fyrsta Windowsútgáfa forritsins leit svo dagsins ljós 1997 og fljótlega náði forritið góðri útbreiðslu meðal tannlækna.

Árið 2009 keypti Tannhjól ehf forritið af Hængi og sá Ragnar áfram um viðhald þess.

Árið 2010 tók Ingólfur Helgi Tryggvason hjá Hugmóti ehf að sér viðhald forritsins. Þessi nýja og endurbætta útgáfa er afrakstur af þeirri vinnu. Sérstakar þakkir fá Kolbeinn Normann, Hannes Ríkarðsson og Hængur Þorsteinsson fyrir prófanir á kerfinu meðan það var í þróun.

Árið 2014 var bætt við sendingu á rafrænum reikningum til SÍ, þar sem samningur um endurgreiðslu vegna tannlækninga barna og unglinga hafði verið gerður, eftir langt undirbúningsferli.

Í september 2018 keypti TEG (Tannlæknastofa Elfu Guðmundsdóttur) höfundarréttinn af Tannhjóli og gerði samstarfssamning við Hugmót um áframhaldandi þróun og viðhald kerfisins.

Nú nota um 50 tannlæknar forritið í daglegum rekstri á meira en 150 útstöðvum alls.

Þessi síða er viljandi höfð auð



2 Notkunarskilmálar

2.1 Höfundarréttur

20

Ef þú hefur skráð notendaleyfi, máttu nota Tannlæknaþjóninn á öllum tölvum stofunnar, fyrir allt að 24 tannlækna sem vinna hjá þér. Hver sjálfstæður rekstraraðili (með eigin kennitölu), þarf að verða sér úti um leyfi.

Þetta forrit er varið samkvæmt höfundarréttarlögum.

Þér er heimilt að dreifa forritinu til annarra, svo þeir geti prófað það. En þá þarftu að láta þá hafa innsetningarskrána sjálfa (Tann_setup.exe). Öll hnýsni í innviði forritsins (e. reverse engineering) eða afhending notendanafns og leyfisnúmers til annars aðila, er með öllu óheimil.

Notandi forritsins ber sjálfur ALLA ÁBYRGÐ á skemmdum eða gagnatapi sem kann að leiða af notkun forritsins. Með notkun forritsins er litið svo á að þú samþykkir ofangreinda skilmála. Hugmót ehf og TEG ehf áskilja sér rétt til að leita til dómsstóla og krefjast skaðabóta, verði vart við alvarleg brot á þessum skilmálum.

© 1987-2022, Hugmót ehf og TEG ehf - Allur réttur áskilinn.

2.2 Notendaleyfi

Til að forritið virki, þarftu að greiða fyrir notendaleyfi. Hvert leyfi gildir fyrir einn tannlækni eða rekstraraðila. Einnig er boðið upp á viðhaldssamning, tengingu við Þjóðskrá ásamt flettingu í símaskrá, áreiðanlega sendingu SMS-skeyta og öryggisafritun gagna yfir netið.

Hafðu samband við Hugmót ehf til að ganga frá samningi um notendaleyfi og aðra þjónustuþætti.

Að því loknu færðu afhent notendanafn og aðgangslykil, sem opnar viðeigandi aðgerðir forritsins. Settu það inn gegnum aðgerðina: **Uppsetning - Notkunarleyfi** í valmyndinni.

2.3 Viðhaldssamningur

Boðið er upp á viðhaldssamning, sem tryggir þér reglulegar uppfærslur á Tannlæknaþjóninum gegn hóflegu endurgjaldi. Gjaldið er innheimt einu sinni á ári og nemur 20% af verði kerfisins á hverjum tíma.

Jafnt og þétt er unnið að nýjungum og lagfæringum á Tannlæknaþjóninum og nýjar tilrauna-útgáfur eru gefnar út nokkrum sinnum á ári. Þeim er dreift gegnum vefinn, þannig að allir notendur með gildan uppfærslurétt geta sótt og virkjað nýjustu útgáfuna um leið og hún kemur út.

Ef þú kýst að sleppa viðhaldssamningi, virkar forritið eins og áður, en þú þarft að kaupa nýjar útgáfur sérstaklega gegn hærra gjaldi (30-50% af verði nýs kerfis eftir því hve gömul útgáfan þín er þegar þú uppfærir).

Samkvæmt upplýsingum frá Tannlæknafélagi Íslands, kostar rekstur Tannlæknaþjónsins á ársgrundvelli (þ.e. viðhaldssamningur og tenging við Þjóðskrá) um helming af rekstrarkostnaði sambærilegra kerfa á markaði.

Sjá nánari upplýsingar um verð og valkosti á www.tann.is

2.4 Aðgangur að Þjóðskrá

Nú býðst notendum kerfisins aðgangur að Þjóðskrá gegnum netið í samstarfi við verkfræðistofuna Ferli ehf. Slík áskrift kostar nú 24.000 kr. á ári en rukkað er aukagjald ef notkun fer fram yfir 100 flettingar á mánuði. Verð getur breyst í samræmi við tilkostnað. Tannlæknirinn sem er í forsvari fyrir stofuna, þarf að senda undirritaða yfirlýsingu um notkunartakmarkanir til Hagstofunnar, þar sem uppflettingin snertir viðkvæma þætti eins og fjölskyldunúmer.

Upplýsingar úr Þjóðskránni eru sóttar þegar nýr sjúklingur er stofnaður í kerfinu. Ef sjúklingur er undir verndarvæng foreldra/umráðamanns, er einnig sótt nafn og kennitala umráðamanns (móður ef unnt er). Síðast en ekki síst, er hægt að leita í Þjóðskrá eftir kennitölu og nafni, eða finna alla meðlimi tiltekninnar fjölskyldu.

Miðað er við hófstillta notkun og er hún mæld og endurskoðuð reglulega. Þeir tannlæknar sem fara langt fram úr meðaltali, geta þurft að greiða aukagjald fyrir umframnotkunina.

Þú getur fylgst með eigin notkun, með því að velja: **Ýmislegt -> Skoða fjölda** Þjóðskrárflettinga frá valmyndinni. Þessi síða er viljandi höfð auð



3 Forritið sett inn

3.1 Innsetningarforrit

Til að setja kerfið upp í byrjun, skaltu ræsa upp innsetningarálfinn **Tann_setup.exe** sem leiðir þig áfram varðandi innsetninguna.

Sjálfgefin mappa fyrir forritið er: **C:\Thjonn** og mælum við með að þú notir hana, þar sem Windows-stýrikerfið er oft til vandræða ef kerfið er sett inn á C:\Program files möppurnar.

Álfurinn sér um að búa til þau skráasöfn sem til þarf, afrita forritið og aðrar skrár, og stillir upp tómum gagnagrunni fyrir kerfið. Að auki býr álfurinn til möppur og flýtivísanir eftir þörfum. Síðast en ekki síst, setur álfurinn upp BDE (Borland Database Engine), en það er gagnagrunnskerfið sem Tannlæknaþjónninn notar. Best er að setja BDE inn á **C: \Thjonn\BDE** möppuna.

Síðan ræsir þú upp Tannlæknaþjóninn með því að smella á flýtivísunina á skjáborðinu (rauða tanngarðinn).

Til að virkja allar aðgerðir forritsins, þarftu að setja inn notendanafn og leyfisnúmer og ýmsar aðrar stillingar sem eiga við í þínu tilviki. Einnig þarftu að huga að samnýtingu gagna á neti, ef þú hyggst nota kerfið á fleiri en einni tölvu.

3.2 Samnýting gagna á neti

Ef þú ætlar að nota Tannlæknaþjóninn frá fleiri en einni tölvu, þarftu að samtengja gögnin svo allt virki eins og til er ætlast. Það er gert á eftirfarandi hátt:

Lykilatriðið er að báðar/allar tölvurnar vísi á sama skráarsafnið fyrir BDE (Borland Database Engine).

Meðal þess sem þarf að gera, er eftirfarandi á báðum/öllum tölvunum:

- Mappa Z: drifið --> á aðalvélina á slóðina C:\Thjonn
- Tryggja að það sé með les- og skrifréttindi (t.d. prófa að búa til litla textaskrá í Z: \ safninu)
- Ræsa upp BDE administrator (BDEadmin.exe) gegnum Control Panel eða beint úr C:\Thjonn\BDE
- Opna þar Configuration Drivers Native Paradox
- Breyta NET DIR í Z:\ (á báðum tölvunum)
- Opna Configuration System INIT
- Staðfesta að þar sé valið: LOCAL SHARE = True (breyta ef með þarf)
- Velja Object Apply (eða Ctrl+A)
- Opna Tann.ini stýriskrána
- Setja undir [Path]
- db=Z:\db
- Prófa að opna Tannlæknaþjóninn og staðfesta að allt virki eins og vera ber.

Með þessu er tryggt að allar tölvur séu að vísa á sömu Paradox-stýriskrárnar á Z:\ og þar með er komið í veg fyrir að læsingavandamál komi upp.

Að sjálfsögðu má nota aðra drifstafi en Z: eftir því sem við á hjá hverjum tannlækni.

Forritið sett inn	25

Þessi síða er viljandi höfð auð



4 Uppsetning

4.1 Prentarar

Ef þú velur flipann Prentarar neðst á Uppsetningar-myndinni, getur þú skilgreint hvert og hvernig útskriftir úr kerfinu skila sér.

Hægt er að prenta á hefðbundna Windows-prentara (algengast í dag), stafaprentara (t.d. nálaprentara), á skjá eða í textaskrá.

4.1.1 Prentari 1-4

Að öllu jöfnu þarf aðeins einn prentara (t.d. laser-prentara) fyrir útskriftir úr kerfinu.

En ef með þarf, getur þú tengt allt að 4 mismunandi prentara við kerfið, til að auðvelda útprentanir. Þá getur hver prentari verið með sitt eyðublað.

Hér sérðu hvernig stillingamynd fyrir einn prentara lítur út:

Uppsetning
Prentari 1 Prentari 2 Prentari 3 Prentari 4 Skjár Skrá
Prentara tengi (t.d. LPT1:) eða Windows prentari:
LPT1:
Stafasett: Dos 🗸
Ef notaður er Windows prentari:
Leturgerð: Courier New 12
Prentarar Utprentanir Tannlæknar Almennt Status
Geyma Loka

4.1.2 Skjáprentun

Stundum viltu sjá hvernig útprentun lítur út áður en þú skrifar hana á pappír. Til þess er skjáprentunin og hér getur þú stillt hvernig hún mun líta út.

Uppsetning	×	
Prentari 1 Pre	ntari 2 Prentari 3 Prentari 4 Skjár Skrá	
-Útprentun á	skjá	
Stafagerð	Courier	
Stafastærð	10	
Línubil	130	
Inndráttur	0 Bil fyrir ofan 80	
Línufjöldi	65	
Prentarar Útpre	ntanir 🛛 Tannlæknar 🗍 Almennt 🗍 Status	
Geyma Loka		

4.1.3 Prenta í skrá

Hægt er að beina útprentunum kerfisins í textaskrá og opna hana síðan í því forriti sem þér finnst henta best. Þannig má vista útprentun og opna hana síðan í öðrum forritum, s.s. Notepad eða UltraEdit.

Hér er þetta stillt:

Uppsetning 🛛 🔀
Prentari 1 Prentari 2 Prentari 3 Prentari 4 Skjár Skrá
Skrá: C:\prentun.txt
Senda til: notepad.exe
Prentarar Utprentanir Tannlæknar Almennt Status
Geyma Loka

4.2 Útprentanir

Hér getur þú skilgreint hvar og hvernig hinar ýmsu úrskriftir úr kerfinu skila sér. Um er að ræða ýmis konar útskriftir, s.s. reikninga, kvittanir, lyfseðla, vottorð og eyðublöð.

Stilltu þetta eins og þér best hentar og gerðu síðan prufu-útskrift til að sannprófa árangurinn. Valkostirnir skýra sig að mestu leyti sjálfir.

Uppsetning			X
TR umsókn Tilvísun Nótur Útprentun eig nótur séu 8,5" Prentari 1 V Forprentað Næsta nótunr. Inndráttur Línur á undan Línur á eftir Línur á milli	Lyfseðill Dagbók TR in reikninga og k eða 6"/A5, eða v ar nótur 9264 5 8 -1 0	Áverkavottorð Raðgreiðslur Listar vittana. Gert er ráð að notað sé stóra TR sjálfgefið eintök: 1 Form 0 8.5" 0 A5 ⊙ TR 2000 f 0 A4 ✔ Prenta hlut TR ✔ Útprentun sta	Vottorð Límmiðar Tilv.TRFÍ fyrir að R formið rormið R-sjúklings aðfestist
Prentarar Útprentanir Tannlæknar Almennt Status Geyma Loka			atus Loka

Inndráttur (vinstri spássía) ákveður hve innarlega á blaðinu prentun hefst. Línur á undan stillir hve ofarlega prentun hefst. Getur verið mínus tala, ef prentari þarf að bakka áður en prentun hefst. Línur á eftir stillir afrif að prentun lokinni (oftast -1).

Prentun límmiða

Límmiðaprentun er fyrir skuldalista, innkallanir og sjúklingalista. Límmiðar eru til af ýmsum gerðum og getur verið töluvert vesen að stilla prentun á þá.

Nótur	TR	Listar	Tilv.TRFÍ		
TR umsókn	Lyfseðill	Áverkavottor	ð Vottorð		
Tilvísun	Dagbók	Raðgreiðslur	Límmiðar		
S	Stillingar fyrir útprentun límmiða				
Prentari 1	*	sjálfgefið			
Límmiðar		Arkir			
Breidd (stafir)	30	🔘 samhangano	di 8"x12"		
Hæð (línur)	3	💿 laus blöð A4	·		
		fjöldi dálka 2	bil: 15		
Inndráttur	6	fjöldi raða 8	bil: 6		
Línur á undan	3				
Línur á eftir	2				

Á myndinni hér að ofan, sérðu stillitölur fyrir ZWECKFORM 3423 sem eru algengar límmiðaarkir með 16 miða á síðu, miðað við Windows stafasett og Courier New 10 leturgerð.

Á sumum laser-prenturum þarf að nota Courier letur. Mundu að ýta á **Geyma** til að vista breytingarnar sem þú gerir á þessum stillingum.

4.3 Tannlæknar

Hér tilgreinir þú ýmsar upplýsingar um þá tannlækna sem nota forritið á þinni stofu. Þar má skrá nafn, titil, kennitölu, læknisnúmer og upplýsingar um sérfræðigreinar viðkomandi tannlæknis. Þetta eru upplýsingar sem m.a. eru notaðar við útskrift reiknings úr kerfinu.

Algengast er að einn tannlæknir noti forritið, en ef þeir eru fleiri, má nota sérstakan lit til aðgreiningar. Þá birtist nafnið með þessum lit í ýmsum skjámyndum kerfisins þegar unnið er með það.

Uppsetning	
Læknir	1: Ingólfur Helgi 🛛 🗸
Nafn	Ingólfur Helgi
Titill	Tannhugbúnaðarsérfræðingur
Kennitala	1507572239
Læknisnr.	1507
Sérfræðigrei Fylling ØRótfy ØTann Kennilitur:	n gar Skurðlækningar Ilingar I Tanngervalækningar noldslækningar Barnatannlækningar
Prentarar Útp	rentanir Tannlæknar Almennt Status Geyma Loka

4.4 Almennt

Á þessum skjámyndum getur þú stjórnað ýmsum stillingum fyrir kerfið. Má þar nefna upplýsingar um stofuna sjálfa, lykla og flýtitakka, tengingu við bókhald og myndvélar. Lestu nánar um það í undirköflunum hér á eftir.

4.4.1 Stofa

Hér tilgreinir þú helstu upplýsingar um tannlæknastofuna og hvaða texta skuli nota við sendingar á áminningum með SMS-skilaboðum.

Uppsetning			
Stofa Lyklar Ýmisle	Stofa Lyklar Ýmislegt Bókhald Afritun RVG Flýtitakkar		
Stofa Önnur stofa			
Heimili	Tannlæknastofa Hugmóts		
Póstfang	Skipholti 29, 3. hæð		
Sími	562-3740		
Kennitala stofu	541087-1259		
SMS-skeytarammi			
%T, tannlæknir minnir vita í síma %s, ef bre	%T, tannlæknir minnir á, að %n á tíma %d kl. %t. Látið vita í síma %s, ef breyta þarf bókun.		
Sérfræðiálag			
TR 32	%		
Almennt 30	% ✓ sérstök samtala á nótu		
Prentarar Útprentanir Tannlæknar Almennt Status			
Geyma			

Í SMS skeytarammanum má nota eftirtalin breytuheiti fyrir upplýsingar um sjúkling og bókun hans:

%T = nafn tannlæknis %n = fornafn sjúklings %d = dagsetning í dagbók %v = vikudagur í dagbók (t.d. fös) %t = tími í dagbók %s = símanúmer stofunnar

4.4.2 Lyklar

Á þessum flipa getur þú skilgreint flýtitakka (lykilborðsáslætti) fyrir allar algengustu aðgerðir forritsins.

Til að breyta takkaskilgreiningu, skaltu setja bendilinn í viðkomandi svæði og ýta á þann takka á lyklaborðinu sem þú vilt tengja við aðgerðina. Til að taka út skilgreiningu, ýttu á orðabilstakkann.

Uppsetning				
Stofa Lyklar Ýmislegt Bókhald Afritun RVG Flýtitakkar				
Síður Sækja	F2	Prenta Reikning	F9	
Stofn	F3 F4	Kvittun	CTRL + F9	
Status Nýr	F5 F6	TR reikning Tannsmíðar	F10 CTRL + F10	
Gluggar Dagbók Skjöl	ALT + A ALT + A	Forrit RVG1 RVG2	F7 None	
- Í korti Ný lína Ný greiðsla	F8	Annað Hætta	ALT + X	
Afsláttur	ALT + A	Glogganopp		
Prentarar Útp	Prentarar Útprentanir Tannlæknar Almennt Status			
Geyma Loka				

Gætið þess að nota EKKI eftirtalda lykla, því þeir hafa almenna virkni í Windows-forritum:

F1 = Hjálp Ctrl-A = Velja allt Ctrl-C = Afrita á klippuborðið Ctrl-V = Líma inn frá klippuborðinu

4.4.3 Ýmislegt

Hér getur þú skilgreint ýmsa valkosti sem hafa áhrif á hegðun forritsins. Valkostirnir skýra sig að mestu leyti sjálfir.

Stundum þarf að vísa á staðgengilsþjón fyrir netsamskipti, sérstaklega ef viðkomandi nettenging er bak við öflugan eldvegg, eins og gert er í þessu tilviki.

Uppsetning
Stofa Lyklar Ýmislegt Bókhald Afritun RVG Flýtitakkar Hegðun glugga Aðalgluggi haldist efst Bakgrunnsgluggi opinn V Þjóðskrá er til staðar af diski V V Fleiri tölvur samnýta gögn yfir staðarnet (LAN) Færslur í kortin eru alltaf merktar læknisnúmeri Aðvörun ef korti lokað með skuld V Nota staðgengilsþjón fyrir netsamskipti: Staðgengill: Gátt: proxy.skyrr.is 8080
Prentarar Útprentanir Tannlæknar Almennt Status
Geyma
4.4.4 Bókhald

Þessi flipi er til að skilgreina tengingar við bókhaldskerfi. Ef þær eru tilgreindar, má opna viðkomandi bókhaldskerfi beint úr valmynd Tannlæknaþjónsins (Bókhald - Fjárhagsbókhald / Launabókhald).

Uppsetning 🛛
Stofa Lyklar Ýmislegt Bókhald Afritun RVG Flýtitakkar
ver til staðar Nafn forrits Stólpi
Slóð forrits C:\stolpi\start.bat stolpi
Fjárhagsbókhald
Slóð forrits
Tannlæknir innheimtir TR hluta fyrir sjúklinga < 17 ára Aðgangstakmarkanir
✓ fyrir bókhald fyrir sögu sjúklinga
Aðgangsorð *****
Prentarar Útprentanir Tannlæknar Almennt Status
Geyma

Ef tannlæknir rukkar beint hjá TR er greiðslugluggi stilltur sérstaklega hér. Þá reiknar forritið út hluta sjúklings og prentar á reikninginn.

Að auki má tilgreina aðgangstakmarkanir fyrir einstaka þætti.

4.4.5 RVG myndavélar

Á þessum flipa getur þú skilgreint myndavélar sem þú vilt tengja við Tannlæknaþjóninn. Algengast er að tengja röntgen-myndavél, en að auki má tengja myndatökuforrit fyrir ljósmyndir af tönnum og tanngarði.

Ef þú skilgreinir myndavélar, birtast takkar efst í ramma þjónsins. Þegar þú smellir á þá, er viðkomandi myndaforrit ræst með beinni tengingu við sjúklinginn sem hefur verið valinn.

Uppsetning	3
Stofa Lyklar Ýmislegt Bókhald Afritun RVG Flýtitakkar	
Takki1: ♥ Er til staðar VixWin ♥ Slóð: O:\Forrit\VixWin\vixwin.exe finna	
Takki2: Er til staðar	
Slóð:	
Prentarar Utprentanir Tannlæknar Almennt Status	
Geyma	

4.4.6 Flýtitakkar

Þessi flipi leyfir þér að skilgreina flýtitakka fyrir aðgerðir. Það getur flýtt talsvert fyrir skráningu á algengum aðgerðum sem framkvæmdar eru á sjúklingnum og dregið úr skráningarvillum.

Fyrir hvert atriði, getur þú skilgreint eina eða fleiri aðgerðir, sem bætast við þegar smellt er á viðkomandi flýtitakka. Tilgreina má fjölda fyrir aðgerðarlið, t.d. 012x2 til að fá eina línu fyrir tvær röntgenmyndir, eins og gert er í þessu tilviki:

- I				
-				
Bæta við Eyða Staðfesta				
004 Heiti: SB Litur: 012x2 Lýsing: Skoðun, 2x Bite-wing Sleppa Bæta við Eyða				

Flýtitakkarnir geta verið allt að 20 talsins. Hér eru færð inn þau aðgerðanúmer, sem færast inn á kortið þegar ýtt er á takkann. Númerin sem eiga að vera í takkanum, eru hvert eftir annað skráð inn í reitinn fyrir framan takkann **Bæta við** og síðan smellt á takkann. Númerin safnast upp í gluggann fyrir ofan; síðan þarf að tilgreina þriggja stafa skammstöfun til að auðkenna takkann og stutta lýsingu. Að lokum ákveður þú einkennislit með því að smella á litareitinn og velja lit við hæfi. Til að vista skráninguna skaltu ýta á **Staðfesta** og **Geyma**.

4.5 Status

40

Á þessum flipa getur þú skilgreint litakóda sem þú vilt nota á status-mynd sjúklings.

Mikilvægt er að skilgreina þetta sem best í byrjun og gera sem fæstar breytingar eftir það.

Uŗ	opset	ning			
-	Merki í	statusi			
	merki	nafn li	itur	•	
	1	skorufylla?			
	2	tönn fer!			
	3	períó			
	4	fylling lekur			
	5	#5			
	6	#6			
	7	#7			
	8	#8			
	9	#9			
	10	#10		⊻	
	Nafn	Litur	0	ĸ	
Dreature Uteresteric Teacledear Almont at a					
P	rentar	ar Otprentanir Tanniæknar Aimennt Status	L	oka	

4.6 Notkunarleyfi

Hér setur þú inn upplýsingar um notkunarleyfi, þegar þú hefur gengið frá samningi um afnot af kerfinu.

Atriðin á þessari mynd verða að vera nákvæmlega eins og í skráningarskeytinu, svo skráning sé tekin gild. Svæðin eru lokuð, en þú getur lesið inn gögnin af Windowsklippuborðinu eða úr textaskrá (t.d. frá annarri tölvu með því að vísa á Tann.ini stýriskrána á henni).

Notkunarleyfi fy	rir Tannlæknaþjóninn	\mathbf{X}
Leyfishafi:	Tannlæknastofan Skipholti	
Kennitala:	541087-1259	
Valkostir:	Netþjóðskrá	
Gildistími:	01.01.2100	
Uppfærsluréttur:	01.03.2012	
Neteinkenni:	XMLTANNH01 (fyrir tengingu við Netþjóðskrá)	
Leyfisnúmer:	6E32-84BD-8ED1-B6BA-79EE-EB82-5696-16F0	
<u>F</u> rá skeyti	Lesa úr skrá <u>S</u> taðfesta Hætta við	

4.7 Stilling dagbókar

Þegar kerfið er sett inn, er sjálfgefin stilling dagabókar á þann veg, að dagurinn spannar tímabilið 08:00 - 19:00 og hleypur á 15 mínútna einingum. Þetta er stilling sem hefur verið notuð frá upphafi og dugað fyrir nánast alla notendur forritsins.

Til að mæta óskum þeirra sem vilja byrja fyrr á morgnana eða bóka aðrar tímaeiningar en 15 mínútur, er nú í boði að stilla kerfið á annan byrjunar- og endatíma og breyta hverri tímaeiningu í 5, 10, 15, 20, 30 eða 60 mínútur.

Ef þú hefur áhuga á að breyta þessari grunnstillingu, skaltu hafa samband við þjónustuaðila kerfisins. Umbreyta þarf upplýsingunum sem þegar hafa verið skráðar og sannprófa að allt virki eins og vera ber. Þessi aðgerð tekur 1-2 tíma í framkvæmd.

Sjálfgefinn tími fyrir nýjar bókanir:

Stilla má hversu mörg tímahólf (venjulega korter) eru sjálfgefin við bókun á tíma í dagbókina. Ef þú vilt hafa sjálfgefinn tíma 30 mínútur, þarftu að bæta við þessari línu í Tann.ini-stýriskrána:

```
[Options]
Dagbfjoldi=2
```

Þá birtist 2 í svæðinu Fjöldi tíma við innslátt í dagbókina:

Innslátt	ur í dagbók						—
Dagur	Mið, 8 Apr 2	2015					Frí
Tími	08:00	Fjö	ildi tíma	2	•	🗸 Senda SMS	SMS var sent
Nafn	Ingólfur He	lgi Tryggv	/ason		•	🔲 Á biðlista	Sjá biðlista
Texti	Hreinsun						
	Sækja	Færa ti	ma	Eyð	а	Hætta við	Geyma



5 Notkun þjónsins

5.1 Nýskráning sjúklings

Þegar nýr sjúklingur kemur til þín eða pantar tíma, þarftu að byrja á því að skrá helstu upplýsingar um viðkomandi.

Til þess smellir þú á flipann **Nýr** á aðalmyndinni og birtist þá þessi skráningarmyndin. Skráðu inn kennitöluna og ýttu á **Sækja úr þjóðskrá** til að fylla út nafn og heimili sjúklingsins. Ef kennitala liggur ekki fyrir, t.d. ef um útlending er að ræða, dugir fæðingardagur á forminu ddmmáá, þ.e. 150757 í þessu dæmi. Einnig má búa til "ógilda" kennitölu, t.d. 150757-9999 í slíkum tilvikum.

Til að sækja símanúmer á vefinn hjá www.ja.is smellirðu einfaldlega á takkann **Sækja símanúmer** og forritið sér um að sækja heimasíma og/eða GSM-síma út frá kennitölu. Einnig er boðið uppá að uppfæra heimilisfang, póstnúmer og starfsheiti ef eitthvað af því hefur breyst. Ef engin símanúmer finnast, er ekkert uppfært. Þess í stað birtist val um að opna leitarsíðuna hjá ja.is til að finna símanúmer fyrir viðkomandi sjúkling handvirkt. Svo þetta virki, þarftu að velja **Valkostir - Sækja símanúmer með vefþjónustu** frá valmyndinni.

Fylltu síðan út önnur svæði eins nákvæmlega og unnt er. Einnig getur þú tengt ljósmynd af sjúklingnum við skráninguna, með því að smella á takkann **Mynd** og velja ljósmynd á JPG-formi. Hún birtist þá á fletinum hægra megin eins og sjá má hér að neðan:

Sækja Kort	Stofn Status Perio Nýr			
Númer	5485			
Kennitala	150757-2239 Sækja úr Þjóðskrá Mynd			
Nafn	Ingólfur Helgi Tryggvason			
Heimili	Jakasel 16			
Póstnúmer	109 Reykjavík			
Símar: Hs.	557-4927 Vs. 560-1525 Sækja símanúmer			
GSM	893-8227 🕢 Vill fá SMS Síðast 19. mars 2015			
Netfang	it@hugmot.is Skráning 13. apr. 2011			
Starf	Kerfisfræðingur Kyn Maður ▼ Skoðun 19. mars 2015			
Hópur	TP Staða Virkur → Meðferð lokið 19. mars 2015			
Athugasemdir	Hér má skrá nokkuð ítarlegar upplýsingar um Gjaldflokkur sjúklinginn og sjást fyrstu 6 línurnar strax þegar Almennt Stofninn er opnaður. Sí-almennt Skrá má nánast ótakmarkaðan texta ef svo ber undir. Sí-barnataxti			
Tilvísun	Frá Jóni Pálssyni Endurgreiðsla SÍ			
Forráð	Staða hjá SÍ EALM			
Kt. forráðamanns	Uppfæra SÍ-stöðu			
	Texti Viðvörun Sjúkrasaga Myndasafn Taka af skrá 🔒 Geyma			

Hópur er reitur sem má nota til að flokka sjúklingana, t.d. TP (tannpína), IP (innplönt) og jafnvel má skrá þar áhugamál sjúklings (Golf, Skotveiði, Ferðalög, Ljósmyndun svo dæmi sé tekið). Þegar slíkir kódar eru notaðir, er mikilvægt að þeir séu alltaf skráðir með sama hætti. Þessa hópa má svo nota til að velja sjúklinga í ýmsum útskriftum og vinnslum.

Kyn sjúklings ákvarðast sjálfvirkt út frá nafni. Ef um er að ræða útlending, gætir þú þurft að velja rétt kyn handvirkt. Ýmsar skýrslur í kerfinu bjóða uppá að velja sjúklinga eftir kyni, auk þess sem dagbókarútskrift sýnir kynkóða (M/K) ef það er valið. Þjónninn sendir einnig kynkóda yfir í röntgen-forrit ef við á. Síðast en ekki síst, hafa ýmis breytuheiti verið skilgreind fyrir kynkóða, til að geta tengt Þjóninn betur við önnur kerfi.

Í **Athugasemdir** má skrá ýmis önnur atriði um sjúklinginn, sem þú vilt sjá strax og Stofn-flipinn er opnaður. Þá þarf ekki að nota önnur óskyld svæði undir slíka minnispunkta.

Þegar þú hefur fyllt svæðin samviskusamlega út, skaltu ýta á **Geyma** til að vista upplýsingarnar. Við það verða aðrir takkar neðst á myndinni virkir og sjúklingurinn fær úthlutað númer, sem eftirleiðis er almenn tilvísun á þessar upplýsingar.

Takkarnir **Texti** og **Viðvörun** opna skráningarglugga fyrir frjálsan texta, sem má nýta fyrir atriði sem ekki komast fyrir í öðrum svæðum á þessari skjámynd.

Takkinn **Myndasafn** opnar mynda- eða skjalasafn sjúklingsins og stofnar það ef með þarf. Það hentar vel til að vista myndir, skjöl og annað sem viðkemur hverjum sjúklingi, á skipulegan hátt án þess að gagnagrunnurinn sjálfur þenjist út. Ef safnið er þegar til og minnst eitt skjal er þar að finna, verður takkinn feitletraður til að minna á það.

Með árunum breytast þessar upplýsingar, s.s. heimilisfang og símanúmer. Þá þarftu aðeins að ýta á viðkomandi takka til að uppfæra þessi atriði samkvæmt Þjóðskrá og símaskrá.

Staða: Ef sjúklingur er óvirkur (t.d. farinn annað eða fluttur til útlanda) eða látinn, má velja viðeigandi stöðu í fellilistanum. Ýmsar vinnslur og útskriftir í kerfinu leyfa val á sjúklingum eftir þessari merkingu (t.d. Aðeins virkir).

5.2 Sækja sjúkling

Nú er hægt að stilla kerfið á svokallaða sveigjanlega nafnaleit, þar sem millinafn er hunsað. Það eykur líkurnar á að finna rétta sjúklinginn.

Til að kalla fram sjúkling sem er á skrá, velur þú flipann Sækja.

Þar getur þú leitað eftir nafni, kennitölu, númeri, heimilisfangi, símanúmeri og fleiri valforsendum. Ef enginn vafi leikur á hvers konar valforsendu þú slóst inn, skiptir forritið sjálfvirkt um svið sem leitað er eftir, t.d. Nafn, Kennitala, Póstnúmer, Númer, Símanúmer. Smelltu síðan á **Sækja**-takkann eða ýttu tvisvar á Enter-takkann.

Þá birtist listi yfir sjúklinga sem uppfylla skilyrðin. Þú getur raðað listanum með því að smella á yfirskrift viðeigandi dálks. Tvísmelltu á sjúklinginn sem þú vilt kalla fram (eða veldu línu með pílunum og ýttu svo á Enter).

46 Tannlæknaþjónninn

Sækja Nýr	
Leita að sjúklingi eftir sviðinu: Nafn 🔹	sem kom síðast á tímabilinu:
Jón 🔹	01 jan 2010 til 01 jan 2010

Ef þú skráðir inn kennitölu og enginn sjúklingur fannst, birtist þessi spurning. Ef þú svarar játandi, opnast skráningarglugginn með viðkomandi kennitölu og útfyllt að hluta.

Viðvör	un 🔀
⚠	Enginn sjúklingur fannst! Viltu stofna nýjan sjúkling með þessari kennitölu?
	Já Nei

5.3 Skráning aðgerða

Á þessum flipa sérðu "kort" sjúklingsins og skráir þær aðgerðir hafa verið framkvæmdar á honum, ásamt kostnaði og innborgunum. Jafnframt sést skýrt á samtölunum neðst á skjánum, hvort sjúklingurinn skuldar og hve mikið.

🚟 Tannlæknaþjónninn - Tannlæknastofan Skipholti 📃 🔲 🔀					
Sjúklingur Dagbók Prenta Bókhald Ur	ppsetning <u>V</u> alkostir <u>Ý</u> mislegt <u>Hj</u> álp				
🗊 Dagbók 🕂 Greining 🌀 Áætlun	😫 Þjóðskrá) 😨 Símaskrá 🚵 Skjöl	VixWin 🗙 Hætta			
112 - Ingólfur Helgi Tryggvason	(53) [893-8227 557-4927 562-3740]	Minnka			
Sækja Kort Stofn Status P	erio Nýr				
M Tr N L Dags. Fj T Fletir	aðg. Texti Meira	a Kostn. Greitt			
7 Mar 2002 0	KRD Innborgun	. 9.975 🔨			
17 Okt 2002 1	031 Deyfing á tannsvædi einnar til	. 665			
17 Okt 2002 1 22 MO	203 Composite 4. kl.	. 7.265			
17 Okt 2002 2 00	104 Tannhreinsun, sykla litud/tanns	. 3.590			
17 Okt 2002 0	Afsláttur	20			
17 Okt 2002 0	KRD Innborgun	. 11.500			
12 Maí 2003 2	012 Röntgenmynd	. 3.300			
12 Maí 2003 1	031 Deyfing á tannsvæði einnar til	. 770			
12 Maí 2003 1 26 rM	310 1.úthr. 1 gangur. Mm:	. 7.690			
12 Maí 2003 0	Afsláttur	760			
12 Maí 2003 0	KRD Innborgun	. 11.000			
19 Maí 2003 1 26	315 Útvíkkun á einum rótargangi,	. 5.490			
19 Maí 2003 0	Afsláttur	490			
19 Maí 2003 0	DEB Innborgun	. 5.000			
28 Maí 2003 1 26 rM	320 Rótfylling, 1 gangur	. 7.690			
28 Maí 2003 1 26	262 Aukabotnlag	. 880			
28 Maí 2003 0	Afsláttur	70			
28 Maí 2003 0	KRD Innborgun	. 8.500			
13 Åg 2003 1	008 Lyfseðill	. 850			
13 Åg 2003 1	032 Svæðisdeyfing	. 1.285			
Komur Engine tími	HS SBF 🛃 🙆 🙆 🚴	693.250 693.250			
	DND 3PF Ný færsla Greiðsla Afsláttur Prent	a Skuld: 0			

Til að bæta við línum, skaltu smella á einhvern takkanna neðst á skjánum. Litríku flýtitakkarnir bæta oft inn nokkrum línum sem henta vel fyrir algengar aðgerðir.

Ef þú vilt eyða línu(m) skaltu merkja við línurnar með því að smella í fremsta reitinn, hægri-smella síðan með músinni og þá birtist þessi valmynd:



Veldu að Eyða merktum línum og svaraðu spurningunni sem á eftir fylgir, játandi.

Til að skrá upplýsingar um ástand tanna, velur þú flipann **Status** og merkir viðgerðir og viðgerðarefni inn á viðeigandi tennur.

5.4 Skráning aðgerða v/barna

Þann 15. maí 2013 tók gildi fyrsti áfangi samnings milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélagsins (TFÍ), um tannlækningar barna og unglinga með 100% greiðsluþátttöku ríkisins. Samningurinn verður innleiddur í áföngum eftir aldurshópum. Fyrst náði hann til 15, 16 og 17 ára unglinga. Aðrir aldurshópar bætast við á næstu misserum og þann 1. janúar 2018 munu þessar reglur gilda fyrir öll börn og unglinga undir 18 ára aldri.

Þegar sjúklingur er kallaður fram, er kannað hvort hann falli undir viðkomandi aldurshóp, og ef tannlæknir samþykkir, er gjaldflokki viðkomandi breytt í **SÍ-barna**. Þar með er einungis hægt að skrá aðgerðir sem falla undir þennan samning og skýringar um endurgreiðslureglur hvers aðgerðarliðs birtast. Dæmi:

Innsláttur í	í kort	X		
<u>D</u> ags.	8 Apr 2015 Læknir 🔍 🔿 Almennt	B		
Aðgerð	325 Listi (Ctrl-A) Sİ-almennt D	0 M		
Tönn/sv.	12 Fletir Serkjor Sf-barna	=		
Texti	i Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	\checkmark		
Upphæð	23470 X			
Alls	3 23470	Þátttaka SÍ		
Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki m/öðrum gjaldskrárnr. kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn. Geyma				

Ef framkvæma þarf aðrar aðgerðir, sem sjúklingur greiðir sjálfur, þarf að breyta gjaldflokki tímabundið gegnum stofnupplýsingar sjúklings.

Með Tannlæknaþjóninum fylga tilbúnar gagnatöflur, með aldursskilgreiningum og verðlista sem gildir á hverjum tíma. Verðlistinn verður endurnýjaður tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Notendur Þjónsins þurfa aðeins að sækja slíkar uppfærslur og setja þær inn á réttum tímapunkti. Hóflegt uppfærslugjald er innheimt fyrir báða taxtana (barnataxta og ellitaxta).

Þú getur alltaf ýtt á takkann **Þátttaka SÍ** til að sjá hvort og hve mikið SÍ mun endurgreiða vegna þessarar aðgerðar.

5.5 Ástand tanna

Þessi flipi birtir yfirlitsmynd yfir ástand tanngarðs sjúklingsins. Þar sérðu hvaða tennur hafa verið rifnar úr honum og hvaða viðgerðir hafa verið framkvæmdir á þeim tönnum sem eftir sitja. Til að skrá viðgerð sem þú framkvæmdir, velurðu tegund

fyllingar/aðgerð, bendir á tönnina og velur þá fleti sem um ræðir. Þegar aðgerð er skráð á kort sjúklings, uppfærist statusinn samsvarandi.



5.6 Perio

Þessi flipi birtir myndir yfir ástand tannholdsins og tannholdssjúkdóma sem hafa hrjáð sjúklinginn.



Á þessum myndum getur þú skráð nákvæmar upplýsingar um stöðu mála.

Þessi síða er viljandi höfð auð



6 Rafræn samskipti við SÍ

Með rafrænum samskiptum við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), fæst hluti tannlæknakostnaðar greiddur innan sólarhrings frá því beiðni er send inn. Þetta er mikið hagræði fyrir tannlækninn, sjúklinginn og hið opinbera, því með þessu sparast bæði tími og peningar fyrir alla aðila.

Til að hefja sendingu rafrænna reikninga til SÍ, þarf fyrst að huga að eftirfarandi:

- Setja inn rafrænt skilríki frá sjukra.is
- Skrá inn forsendur (notendanafn, leyniorð o.fl.)
- Stilla nokkra valkosti
- Sannprófa samskiptin

Eftirleikurinn er auðveldur:

- Uppfæra stöðu sjúklings hjá SÍ í stofni
- Skrá aðgerðaliði eins og venjulega. Nú er hægt að kanna þátttöku SÍ fyrir einstaka liði jafnóðum.
- Senda reikninginn rafrænt til SÍ
- Prenta reikninginn eins og venjulega

Önnur atriði sem hafa þarf í huga:

- Senda rafrænan reikning sem hefur þegar verið prentaður.
- Senda einstaka liði en sleppa öðrum
- Rekja villur og skoða afrit af reikningum
- Skrá greiðslur þegar þær berast

Þú getur lesið þér nánar til um þessi atriði, með því að smella á tenglana eða fylgja efnisyfirlitinu og opna undirkaflana.

6.1 Rafræn skilríki

Samskiptin við SÍ eru dulrituð með TLS til að tryggja að óviðkomandi aðilar geti ekki hlerað þau.

Í sumum tilvikum þarf að setja inn sjálf-undirritað rafrænt skilríki frá SÍ. Það er gert á eftirfarandi hátt:

- Opnaðu Internet Explorer eða annan vefskoðara
- Sæktu skjalið https://huld.sjukra.is/huld.sjukra.is-ca.crt
- Vistaðu það á vísum stað (breytilegt eftir stýrikerfum)
- Opnaðu Windows Explorer (t.d. með því að ýta á Windows fánann og smella á E)
- Finndu slóðina þar sem skilríkið var vistað
- Hægri-smelltu á skjalið og veldu **Install certificate**
- Fylgdu leiðbeiningunum (t.d. ýttu á Next og Finish)

Að lokum birtist staðfesting um að innlesturinn hafi tekist. Sláðu því næst inn aðrar forsendur og prófaðu samskiptin.

6.2 Forsendur

Til að koma á rafrænum samskiptum við SÍ, þarf fyrst að tilgreina nokkrar forsendur og valkosti. **Veldu Uppsetning - Almenn uppsetning** af valmyndinni og síðan flipann Sjukra.is. Þá birtist þessi skjámynd:

Jppsetning	— X
Stofa Sjukra.is Lyklar Ým	nislegt Bókhald Afritun RVG Flýtitakkar
Valkostir	
🔽 Senda rafræna reikninga	til Sjúkratrygginga Íslands
🗸 Afrita reikninga með villu	m í vinnusafn
Einkenni:	Senda beiðnir til:
h4302051020	Raun-umhverfis
Leyniorð:	Prófunar-umhverfis
•••••	
Figandi reiknings:	
4302051020	
Skráasafn fyrir afrit af reikni	ingum:
Z:\SI_reikningar\	<u>P</u> rófa samskipti
Prentarar Útorentanir Tanola	aknar Alexant Status
	Amennt Status
	Geyma

Hakaðu við **Senda rafræna reikninga til Sjúkratrygginga Íslands** ef þú ætlar að nota þennan möguleika í kerfinu. Sumir notendur hafa ekki samið við SÍ, og munu því afhaka þennan valkost.

Hakaðu við **Afrita reikninga með villum í vinnusafn** ef þú vilt að innsendir reikningar sem fengu villuboð, verði vistaðir í vinnusafni (t.d. Z:\Temp) og því hægt að skoða þá eftir á.

Skráðu inn **einkenni og leyniorð** sem þú fékkst úthlutað frá SÍ fyrir rafrænu samskiptin.

Eigandi reiknings er kennitala þess bankareiknings sem þú notar til að taka við greiðslum frá SÍ.

Skráasafn fyrir afrit af reikningum tilgreinir hvar þú vilt vista afrit af reikningum sem voru sendir til SÍ. Það er nauðsynlegt til að eiga sönnun fyrir innsendingu og til að geta bakfært reikninga.

Senda beiðnir til raun/prófunar-umhverfis, stjórnar því hvert gögnin verða send. Prófunar-umhverfi er fyrst og fremst notað fyrir prófanir á ýmsum þáttum, en hefur ekki áhrif á upphæðir til endurgreiðslu. Að öllum jöfnu stillir þú þennan valkost á Raunumhverfið.

Valkostir í aðalvalmynd Þjónsins:

Í aðalvalmyndinni getur þú valið um nokkra valkosti sem hafa áhrif á birtingu boða í rafrænum samskiptum við SÍ. Opnaðu valmyndina **Valkostir** og stilltu þetta eftir smekk.

Smelltu að lokum á takkann **Prófa samskipti** og birtist þá þessi staðfesting um að allt sé í sóma (eða villuboð ef samskiptin gengu ekki).



6.3 Uppfæra stöðu

Mikilvægt er að sjúklingar sem eiga rétt á endurgreiðslu frá SÍ, séu rétt merktir í kerfinu.

Fyrst velur þú sjúklinginn eins og venjulega og smellir á Stofn-flipann. Ýttu svo á takkann **Uppfæra SÍ-stöðu** til að sækja stöðukóda og endurgreiðsluhlutfall sem á við þennan sjúkling. Gott er að gera þetta í hvert skipti sem sjúklingur kemur, til að tryggja rétta úrvinnslu í kerfinu.

Ef þú valdir að **Sýna ítarupplýsingar í SÍ-samskiptum** í aðalvalmyndinni birtist skjámynd eitthvað í þessa veru, annars uppfærast svæðin tvö og hógværari staðfesting birtist.

Informa	tion 💌
1	Dagsetning verks er innan samnings SÍ og TFÍ um tannlækningar barna. Aldur barns er virkur á samningi SÍ og TFÍ um tannlækningar barna. Tannlæknir er skráður á samning SÍ og TFÍ um tannlækningar barna. Einstaklingur er skráður með heimilistannlækni. Aðgerðarnúmer/gjaldskrárnúmer er skráð á samning SÍ og TFÍ um tannlækningar barna. Reiknuð staða einstaklings er BASA.
	ОК

Einnig geta birst áminningar um að viðkomandi hafi ekki enn verið skráður með heimilistannlækni, eða að hann sé ekki sjúkratryggður.

Ef sjúklingur er látinn, birtist viðvörun og viðkomandi er merktur **Látinn** í kerfinu.

6.4 Skrá aðgerðir

Skráning aðgerðarlína er með hefðbundnum hætti. Við bætist þó takki til að kanna þátttöku SÍ. Að öllu jöfnu þarf ekki að nota þennan möguleika, því mjög ítarleg villuprófun verður framkvæmd þegar reikningurinn í heild er sendur inn.

Innsláttur í	kort					—
<u>D</u> ags.	10 Maí 2014		1 🔻	Almennt		
Tönn/sv.	201 Lit 25 Fletir			 Sérkjör SÍ-barna 		
Texti	Tannlit fylling,	1 flötur			ν.	¥
Upphæð	12935	x				
Alls	12935					Þátttaka SÍ
Greiðist ekki án umsóknar ef minna en 3 ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var egr. í sama flöt tannar Geyma						

Smelltu á takkann **Þátttaka SÍ** og til baka kemur svar um viðmiðunarverð og greiðsluþátttöku SÍ:



6.5 Senda reikning

Að lokum er reikningurinn sendur rafrænt til SÍ og svo prentaður út.

Merktu við línur sem þú vilt senda, smelltu á **Prenta-takkann** og veldu **Senda reikning** rafrænt til SÍ ...

Þá fer eftirfarandi vinnuferli af stað:

- Forsendur fyrir rafræn samskipti eru villuprófaðar
- Aðgerðarlínur eru tíndar til og villuprófaðar
- Prófunarreikningur er búinn til og sendur
- Ef engar villur fundust, birtast samtölur og lokaviðvörun: Viltu senda rafræna reikninginn núna?
- Ef það er samþykkt, verður formlegur reikningur búinn til og sendur
- Að lokum er boðið upp á að prenta reikninginn í framhaldi, og er mikilvægt að samþykkja það svo samræmi verði í reikningsnúmerum.

Upplýsingar um framvindu verksins birtast á stöðulínunni neðst. Ýmiss konar villur geta komið upp í þessu ferli og birtast þá viðeigandi boð. Minnsta villa stöðvar vinnuferlið. Stundum þarf líka að sýna örlitla þolinmæði, því svartími fyrir hverja beiðni getur verið nokkrar sekúndur og alls eru sendar 5-10 beiðnir fyrir dæmigerðan reikning.

Ef þú hefur hakað við valkostinn **Afrita reikninga með villum í vinnusafn** í forsendumyndinni, verða innsendir reikningar sem fengu villu, vistaðir í vinnusafninu (t.d. Z:\Temp) og hægt að skoða þá eftir á.

Ef allt gengur upp, verður reikningurinn vistaður á XML-formi í skráasafnið sem tilgreint er í forsendunum. Þetta er til að eiga sönnun fyrir innsendingunni eða skoða hann síðar. Dæmi um skráheiti er **SI_reikn_91757686.xml** þar sem 91757686 er skjalnúmerið sem SÍ úthlutaði fyrir reikninginn.

Senda reikning sem þegar hefur verið prentaður:

Til að vinna úr reikningum sem þegar hafa verið prentaðir, skaltu merkja við línurnar og senda. Ferlið er að flestu leyti eins, nema þú þarft að skrá inn reikningsnúmerið sem notað var á upphaflega reikninginn. Í lok sendingar verður reikningurinn ekki heldur prentaður aftur.

Senda einstaka línur en sleppa öðrum:

Stundum koma villur frá SÍ um að einstaka liðir verði ekki endurgreiddir. Þá er einfaldast að sleppa þeim liðum (afmerkja) og reyna aftur. Þetta fer þó eftir eðli villunnar, því stundum þarf að tilgreina tönn eða fleti, eða nota annan gjaldlið. Þá skaltu gera nauðsynlegar leiðréttingar á aðgerðalínunum og reyna aftur.

Rekja villur og skoða afrit af reikningum:

Hægt er að skoða reikninga með villu eða afrit af einstaka reikningum með því að opna viðeigandi skrá. Til þess má nota Internet Explorer eða annað forriti sem ræður við vel XML-skjöl. Villur eru geymdar minnst einn mánuð í vinnusafninu (t.d. Z:\Temp) og afrit af reikningum eru vistuð ótímabundið í safninu sem þú tilgreindir í forsendumyndinni.

Opnaðu Windows Explorer og smelltu á viðeigandi drif og skráasafn. Síðan er einfaldast að birta helstu atriði (e. details) og raða í tímaröð. Tví-smelltu svo að viðkomandi skrá og hún birtist í sjálfgefna forritinu.

6.6 Skrá greiðslur

Þegar greiðsla berst frá SÍ, þarf að kalla fram viðkomandi sjúkling og skrá innborgunina.

Ef einhverjir liðir hafa ekki verið samþykktir af SÍ, getur reikningurinn endað í skuld. Þá þarf tannlæknirinn ýmist að rukka sjúklinginn næst þegar hann kemur, eða veita afslátt sem nemur eftirstöðvunum.

Fljótlega verður þessi aðgerð að líkindum einnig framkvæmd rafrænt, til frekari vinnusparnaðar.

6.7 Bakfæra SÍ-reikning

Stundum eiga mistök sér stað þegar reikningur er sendur til SÍ. Kannski var valinn rangur sjúklingur, röng tönn eða merkt við rangan flöt. Þá þarf að bakfæra upphaflega reikninginn í heild sinni og gera síðan aftur réttan reikning.

Til að bakfæra SÍ-reikning þarf að framkvæma eftirfarandi aðgerðir:

- Taka til afrit af upphaflega reikningnum (vegna reikningsnúmersins)
- Merkja við alla liði í kortinu sem á honum voru
- Skrifa út kreditnótu
- Velja Bókhald Bakfæra SÍ-reikning og þá birtist þessi skjámynd:

Bakfæra SÍ-reikning
Tilgreindu forsendur Númer upphaflega reikningsins: 12345 Númer kreditnótunnar: 12346
Skrá með SI-reikningi: Z:\SI_reikningar\SI_reikn_92524514.xml
OK Cancel

Fylltu því næst út númer upphaflega reikningsins, númer kreditnótunnar og vísaðu á afrit af SÍ-reikningnum (gerist sjálfvirkt þegar þú færir músarbendilinn í svæðið).

Ef þú ert að leita að síðasta reikningi sem sendur var til SÍ, getur þú notað TannData og valið aðgerðina: **Hjálpartól -> Finna síðasta SÍ-reikning.**

Að lokum staðfestir þú þessa skjámynd og þá bakfærist SÍ-reikningurinn í heild sinni. Þá getur þú lagfært villurnar og sent inn nýjan og réttan reikning.



7 Dagbók

7.1 Bóka tíma

Smelltu á takkann Dagbók efst í aðalglugganum til að opna dagbókina. Hér skráir þú tímabókanir og bætir fólki á biðlista.

🛄 Dag	bók		
Lau, 5	Mar 2011 S M F F L 1 2 3 4 5 agurinn í dag 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 m -3m -6m 20 21 22 23 24 25 26 m +3m +6m 27 28 29 30 31	1: Ingólfur Helgi Frídagur Biðlisti Vika	Senda SMS 🎯 Prenta
	Nafn	Símar	Texti 🔼
08:45			
09:00	Brynjar Ingólfsson	562-3740 557-4927	Bólgur við endajaxl 💻
09:15	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++
09:30	Elsa Ingólfsdóttir		Tannsteinshreinsun.
09:45	+++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++
10:00	Ingólfur Helgi Tryggvason	562-3740 557-4927 893-8227	Rótfylling
10:15	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++
10:30	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++	+++++++++++++++++++++++++++++++++++++++
10:45			
11:00		- -	
11:15			✓

Til að bóka tíma, skaltu tvísmella á viðeigandi tíma og fylla út skráningarmyndina sem birtist. Hér sérðu dæmi:

Innslátt	Innsláttur í dagbók					
Dagur	Mið, 8 Apr 2015				Frí	
Tími	08:00	Fjöldi tíma	2 👻	🗸 Senda SMS	SMS var sent	
Nafn	Ingólfur Helgi Try	/ggvason	•	🔲 Á biðlista	Sjá biðlista	
Texti	Hreinsun					
	Sækja Fær	a tíma	Eyða	Hætta við	Geyma	

Hakaðu við Senda SMS ef þú vilt senda áminningu til sjúklingsins, t.d. daginn áður. Ef sjúklingur er illa haldinn og vill komast að sem fyrst, skaltu bæta honum á biðlistann. Þá er hægt að kalla í hann með stuttum fyrirvara ef aðrir boða forföll eða tími losnar af annari ástæðu.

62

7.2 Breyta tímabókun

Til að breyta tímabókun, skaltu tvísmella á viðeigandi bókun og opnast þá skráningarglugginn fyrir bókunina. Breyttu því sem þarf og ýttu svo á Geyma.

Innsláttur í dagbók						
Dagur	Mið, 8 Apr 20	15 Gefið	8 Apr 201	5	Frí	
Tími	09:15	Fjöldi tíma	2 👻	V Senda SMS	SMS var sent	
Nafn	Ingólfur Helgi Tryggvason (57) 🔻 🗌 Á biðlista 🛛 Sjá biðlista					
Texti	Hreinsun					
Sækja Færa tíma Eyða Hætta við Geyma						

Færa má tímabókun í dagbókinni, með því að opna núverandi bókun og smella á takkann Færa tíma. Síðan smellir þú á nýja tímann og smellir aftur á Færa tíma-takkann og flyst þá bókunin á milli.

Til að opna skráningu viðkomandi sjúklings, ýtir þú á **Sækja** og opnast þá kortið hans.

Ef þú vilt fella niður bókun alfarið, ýttu þá á **Eyða.** Ef Atburðaskráning er virk, geymast upplýsingarnar þar og má skoða Atburðaskrána (Tann.log) til að nálgast þessar upplýsingar á ný.

7.3 Senda áminningu með SMS

Ef þú vilt minna á bókaðan tíma með því að senda sjúklingum SMS-skeyti, skaltu opna dagbókina, velja þann dag sem þú vilt senda skeyti fyrir og smella síðan á **Senda SMS-takkann**.

Þá verða send SMS-skeyti á alla sem eru með GSM-númer og merki um að þeir hafi óskað eftir SMS-áminningu. Í lok vinnslunnar birtist upplýsingagluggi með fjölda þeirra skeyta sem send voru.

Nú er hægt að senda fleiri en eina áminningu um bókun, t.d. með viku fyrirvara og aftur með eins dags fyrirvara. Til þess velur þú dagbók eina viku fram í tímann og sendir SMS-áminningar. Til að senda aftur áminningar degi fyrir bókun, þarftu að hægri-smella á viðkomandi dag og velja **Hreinsa SMS-merki** ... og sendir svo áminningar eins og venjulega.

Að auki er hægt að senda stök SMS-skilaboð óháð bókunum í dagbók. Veldu liðinn **Ýmislegt - Senda SMS** úr valmyndinni (eða með því að smella á takkann við hliðina á GSM-númerinu í Stofni sjúklings) og þá birtist þessi mynd:

🔜 Senda SMS-skeyti 💽	
GSM-símanúmer: 893-8227	
Staðlaðir rammatextar:	
Áminning um skuld 🔹 Breyta	
Texti skeytisins:	
Ingólfur,	
Þú skuldar kr. 7.460	
Vinsamlega greiddu sem fyrst með millifærslu: 0525-26-123456 Kt. 541087-1259.	
Tannlæknastofan ehf s. 557-4927	
Senda SMS Hætta við	
Texti alls 155 stafir	щ

Skráðu inn skilaboðin og ýttu á Senda-takkann. Textinn helst inni milli skipta, svo þú getir endurtekið auðveldlega áþekk skilaboð.

Hægt er að velja staðlaða rammatexta, með því að velja lið úr fellilistanum. Slíkir rammatextar geta innihaldið ýmis breytuheiti, t.d. nafn sjúklings og skuldastöðu, sem þýðir að staðaltextinn aðlagast sjálfvirkt fyrir þann sjúkling sem valinn er hverju sinni.

Þú getur breytt rammatextanum með því að ýta á Breyta takkann. Þá opnast stýriskráin SMS_textar.ini og þú einfaldlega breytir textanum að vild og vistar skrána. Breytingarnar verða strax virkar.

Prófun SMS sendingar

Skynsamlegt er að prófa sendingu strax þegar upplýsingar um sjúklinginn eru skráðar í fyrsta sinn, meðan hann er á staðnum, til að staðfesta að þessi samskiptaleið virki í hans tilviki.



8 Aðrar aðgerðir

8.1 Senda SMS-skeyti til valinna aðila

Þessi aðgerð hentar vel til minna sjúklinga á ógreidda reikninga, fyrir innköllun o.m.fl. Aðeins er hægt að nota þessa sendingaraðferð ef þú ert í viðskiptum við SMSsendiþjónustu, þ.e. þú borgar fyrir þessi skeyti.

Veldu **Ýmislegt - Senda SMS-skeyti til valinna aðila** til að kalla fram þessa skjámynd:

🚟 Senda SMS-skeyti til v	valinna aðila				
Forsendur					Aðgerðir
Póstnúmer frá-til:		Kom síðast á tímabilinu:			🔎 Velja móttakendur
Aldur sjúklings frá-til:		Innköllun:		-	🗟 Senda skeyti á valda aðila
Skuldastaða á bilinu:	1000 - 999999	Tilheyrir hópi:	test		Skoða sendiskýrslu
Staða sjúklinga:	Allir 👻		Velja	Hreinsa allt	Loka glugga
Valdir aðilar					Skeytið
Númer Kennitala	Nafn	GSM númer S	Skuldastaða	Síðasta koma	Áminning um skuld 👻
112 150757-2239	Ingólfur Helgi Tryggvaso	on 893-8227	87.235	02.07.2012	🔘 Skeytarammi 💿 Forskoða
1911 290696-3059	Elsa Ingólfsdóttir	862-4441	15.300	15.09.2012	Ingólfur, 🔺
					Þú skuldar kr. 87.235
					Vinsamlega greiddu sem fyrst
					0515-26-705912 Kt, 560609-1400.
					Heiltönn ehf
•	III			Þ	562-3740
Alls 3 aðilar					
Alls 3 aðilar					

Tilgreindu viðeigandi forsendur og ýttu svo á takkann **Velja**, til að velja móttakendur. Þá birtast þeir sjúklingar sem uppfylla forsendurnar. Því fleiri atriði sem þú tilgreinir, þeim mun þrengra er valið og færri munu veljast á listann.

Þú getur tvísmellt á sjúkling til að sækja upplýsingar um hann, eða fellt niður tiltekinn sjúkling með því að hægri-smella og velja **Fella af lista.**

Því næst velur þú rammaskeyti til að nota fyrir sendinguna. Hægt er að gera breytingar á skeytinu (sem vistast ekki) og forskoða hvernig það mun líta út fyrir tiltekinn sjúkling. Þú getur vísað á breytuheiti, til að kalla fram tiltekin atriði.

Að lokum ýtir þú á takkann Senda skeyti á valda aðila, og mun þá kerfið senda persónulegt SMS-skeyti á alla þá sem eru á listanum.

Ef hætt var við sendingu í miðjum klíðum, er hægt að halda áfram þar sem frá var horfið með því að smella aftur á senda takkann. Hver lína er merkt með haki í dálkinn Sent ef sending gekk eðlilega. Að sendingu lokinni, er hægt að skoða sendiskýrsluna til frekari staðfestingar.

8.2 Afrita helstu atriði um sjúkling

Þessi aðgerð afritar helstu upplýsingar um sjúkling yfir á Windows klippuborðið. Það má nýta til samskipta við önnur forrit, s.s. fyrir límmiðaprentun, bréfaskriftir og fleira í þeim dúr.

Þessi liður er aðgengilegur í valmyndinni, undir liðnum **Sjúklingur - Afrita helstu upplýsingar á klippuborðið**. Einnig má nota Alt+C af lykilborðinu til að framkvæma þetta hvar sem er í forritinu. Sjálfgefið birtast þessar upplýsingar:

Númer: 0112 Kennitala: 150757-2239 Nafn: Ingólfur Helgi Tryggvason Símar: 893-8227 557-4927 560-1525

Hægt er að skilgreina hvaða svæði eru notuð, og á hvaða formi, með því að breyta skráningu í Tann.ini stýriskránni og má þar vísa í ýmis breytuheiti. Þetta dæmi um uppsetningu:

[Sjúklingur]
Afrita=Sjúklingur: #ID - #NATIDD (#AGE)#NL#NL#NAME#NL#HOME#NL#POST#NL#NLNæsti
tími: #NDATE kl. #NTIME

skilar þessu á klippuborðið:

```
Sjúklingur: 0112 - 150757-2239 (57)
```

Ingólfur Helgi Tryggvason Jakaseli 16 109 Reykjavík

Næsti tími: 12. feb. 2012 kl. 09:00

8.3 Algeng skjöl fyrir sjúkling

Nú er hægt að afrita algeng skjöl fyrir sjúkling, eins og **Slysavottorð** og **Umsókn um þátttöku í kostnaði** úr rammasafni yfir í skjalsafn sjúklingsins. Þetta flýtir fyrir slíkri skjalavinnu og tryggir gott skipulag á upplýsingunum.

Þetta er framkvæmt gegnum liðinn **Sjúklingur** á aðalvalmyndinni. Rammaskjalið er afritað í safn sjúklingsins, dagsetningu bætt framanvið og skjalið opnað. Þá þarf bara að fylla út svæðin eins og við á, vista skjalið og prenta.

Dæmi: Ef valið er Slysavottorð fyrir sjúkling 0112 þann 16. október 2011 verður til skjal með heitinu:

Z:\Skjalasafn\0100\0112 Ingólfur Helgi Tryggvason\20111016_tannl_slysavottord.doc

68

8.4 Uppfletting í Vanskilaskrá

Hægt er að tengja Tannlæknaþjóninn við vefsíðu eða kerfi fyrir könnun á greiðslugetu sjúklings. Dæmi um það er vanskilaskráin Vogin hjá CreditInfo. Það getur margborgað sig af framkvæma slíka könnun áður en hafist er handa við dýrar tannviðgerðir fyrir viðkomandi sjúkling.

Uppfletting hjá CreditInfo kostar um 350 kr. pr. fyrirspurn. Hver tannlæknir um sig þarf að gera samning við CreditInfo um þessa þjónustu og fær þá afhent notendanafn og leyniorð fyrir aðgang að vefnum þeirra.

Sjálfgefið er forritið tengt við vef CreditInfo, en því má breyta með því að bæta við eftirfarandi kafla í Tann.ini stýriskrána:

```
[Links]
Creditcheck_url=https://www.banki.is/vanskilaskra/uppfletting.apx?
id=#ID
Creditcheck_warning=Uppfletting í Vanskilaskrá kostar skildinginn.
Viltu halda áfram?
```

Breytan #ID táknar kennitölu (án bandstriks) og #IDD táknar kennitölu með bandstriki. Ef viðvörunartexti er skilgreindur, birtist viðvörunargluggi með honum, áður en kallað er á vefsíðuna.

Þegar sjúklingur hefur verið valinn, getur þú tengst þessari þjónustu með því að velja **Sjúklingur - Kanna vanskilaskrá** í aðalvalmyndinni.

8.5 Greining

Smelltu á takkann á aðalmyndinni til að skrá greiningu á vandamálum sjúklingsins.

Þá opnast þessi skráningargluggi, þar sem þú getur skráð inn minnispunkta og athugasemdir.



Næst þegar sjúklingurinn kemur, getur þú rifjað upp þessi atriði fyrir aðgerð.

```
© 2018-2022 - Hugmót ehf og TEG ehf, Iceland
```

8.6 Áætlun

Smelltu á takkann Áætlun á aðalmyndinni, til að taka saman kostnaðaráætlun fyrir sjúklinginn. Þá birtist þessi skjámynd:

Kostnaðaráætlun					
<u>L</u> æknir	1	~			
Aðgerð	Fjoldi	Ionn	Ein.verð	alag%	6 Alls
320	2	27	14.300	32	18.876
201	1	27	15.150	0	15.150
012	3		2.650	32	10.494
032	2		2.250	32	5.940
Ι					
Afsláttur 5460					
Geyma		Prenta	Hreinsa A	lls	45.000

Þetta er nokkurs konar tilboð í tannlækningar eða pro-forma reikningur, þar sem þú raðar inn þeim atriðum og aðgerðum sem þú telur sjúklinginn þurfa.

Samtalan reiknast út jafnóðum og þú getur líka tilgreint afslátt sem þú ert tilbúinn að veita. Að lokum prentar þú út áætlunina og lætur sjúklinginn hafa.

8.7 Þjóðskrá

Smelltu á Þjóðskrártakkann til að leita í Þjóðskrá á netinu, ef þú hefur keypt áskrift að þeim þjónustuþætti. Þá birtist þessi leitarmynd:

Leita í Þjóðskrá	
Kennitala	
Nafn	Hafsteinn Árnason
Heimili	
Póstnúmer	
Fjölskyldunúmer	
Sækja sjúkling	🔎 Leita 🥵 Fjölskylda 🛛 Hætta við

Sláðu inn kennitölu eða hluta úr nafni og ýttu á leita. Ef einn aðili fannst, þá birtast upplýsingar um hann í þessum glugga, en annast birtist nýr gluggi með lista yfir alla sem uppfylla forsendurnar.

Ef þú skráir kennitölu í fjölskyldunúmer, færðu upp alla meðlimi viðkomandi fjölskyldu. Einnig getur þú ýtt á takkann **Fjölskylda**, og er þá leitað að fjölskyldu viðkomandi (út frá fjölskyldunúmerinu eða kennitölunni).

Þegar þú hefur sótt réttan aðila, smelltu þá á **Sækja sjúkling** til að sækja hann eða stofna í kerfinu. Síðast en ekki síst, getur þú afritað þau svæði sem þú vilt yfir á Windows klippuborðið, með því að smella á takkann hægra megin við svæðið.

8.8 Símaskrá

Smelltu á Símaskrár-takkann í aðalmyndinni, til að opna leitarglugga fyrir símaskrá kerfisins. Þá birtist þessi mynd þar sem þú getur leitað í símaskránni, en hún er oftast notuð til að geyma símanúmer birgja og þjónustuaðila.

Símask	rá 🔀					
1/1						
Nafn	Ingólfur Helgi Tryggvason					
Sími	893-8227					
Texti	exti Hugmót ehf - Tölvuþjónusta					
Sæk	ja Næsta Fyrra Nýtt Geyma Prenta Eyða Loka					

Sláðu inn nafn eða hluta úr nafni og smelltu á Sækja-takkann. Þá birtast aðilar sem uppfylla skilyrðin og þú getur flett á milli með Næsta/Fyrra tökkunum.

8.9 Skjöl

Smelltu á takkann **Skjöl** á aðalmyndinni, til að kalla fram yfirlit yfir skjöl sem fjalla um sjúklinginn sem þú valdir.

Þá	birtist	þessi	mynd:
----	---------	-------	-------

🛄 Fylgiskjö	I						
Dagsetning	Tegund skjals	Skýringar					
13 Ág 2003	Lyfseðill 13 Ág 2003		^				
19 Sep 2003	Lyfseðill 19 Sep 200						
13 Apr 2004	Lyfseðill 13 Apr 200						
9 Maí 2005	Lyfseðill 9 Maí 2005						
18 Maí 2005	Lyfseðill 18 Maí 200						
18 Maí 2006	Lyfseðill 18 Maí 200						
22 Jan 2007	Lyfseðill 22 Jan 200		~				
Bæta við skrá Bæta við mynd Skýring Eyða Loka							

Tvísmelltu síðan á listann til að kalla fram tiltekið skjal. Einnig má bæta við skjölum og myndum eða eyða þeim úr yfirlitinu.

Þessi skjöl eru vistuð í gagnagrunninum, sem þýðir að þessi aðferð hentar fyrir smærri skjöl. Ljósmyndir nú til dags geta hlaupið á nokkrum megabætum að stærð og því heppilegra að vista þær í sérstöku skráasafni fyrir hvern sjúkling. Opnaðu Stofn-

72 Tannlæknaþjónninn

upplýsingar fyrir sjúklinginn og smelltu þar á takkann **Myndasafn** til að opna safnið hans.

8.10 Taka myndir

Til að taka röntgenmynd eða ljósmynd úr munnholi, skaltu smella á viðeigandi myndarvélatakka á aðalmyndinni.

Þá opnast myndaforritið sem þú skilgreindir í Uppsetningunni, og það opnar sjálfkrafa myndasafnið fyrir sjúklinginn sem unnið er með. Ef um nýjan sjúkling er að ræða, stofnast hann sjálfvirkt í myndaforritinu.

8.11 Flytja gögn úr Sjúklingaskránni

Þessi aðgerð leyfir þér að vista gögn úr Sjúklingaskránni yfir í textaskrá sem lesa má inn í Excel og fleiri forrit. Veldu liðinn undir **Ýmislegt** í valmyndinni. Þá birtist þessi valkostagluggi:

Fly	Flytja gögn úr Sjúklingaskránni							
Valforsendur								
	Póstnúmer frá-til:	101	-	108				
	Aldur sjúklings frá-til:	20	-	40				
	Staða sjúklinga:	Virkir 👻						
	Kyn sjúklinga:	Konur 👻						
Aðrir valkostir ✓ Flytja ítarlegar upplýsingar (símanúmer o.fl.) ✓ Fyrsta færsla innihaldi heiti svæða Aðgreinir ● Semi-komma ● Komma ● Tab-merki								
Úttaksskrá C:\Thjonn\Temp\Konur_á_besta_aldri.csv								
<u>V</u> ista gögn <u>H</u> ætta við								

Valkostir við flutning gagna úr Sjúklingaskránni yfir í textaskrá

Valkostirnir skýra sig að mestu leyti sjálfir. Því fleiri forsendur sem skráðar eru, þeim mun þrengri er leitin og færri sjúklingar verða valdir.
Ef þú vilt fá allar upplýsingar, skaltu haka í reitinn "Flytja ítarlegar upplýsingar". Annars eru aðeins helstu svæði vistuð (númer sjúklings, kennitala, nafn, heimili og póstfang).

Að lokum ýtir þú á takkann **Vista gögn** og fylgist með framvindunni. Ef skráin er til fyrir er varað við því og boðið upp á að skrifa yfir hana eða hætta við. Að vinnslu lokinni opnast skráin í viðeigandi forriti (t.d. Excel í ofangreindu dæmi) ef þú hakaðir við þann valkost.

Ef Excel er notað til að vinna með gögnin, er einfaldast að merkja allt skjalið og tvísmella síðan á bil milli tveggja dálka. Þá finnur Excel út hæfilega breidd fyrir hvern dálk.

8.12 Athuga nýrri útgáfu

Tannlæknaþjónninn getur athugað sjálfur hvort ný útgáfa af honum sé í boði. Það er gert með því að velja liðinn **Hjálp - Athuga nýrri útgáfu** í aðalvalmyndinni. Þá birtist þessi valkostagluggi:

Athuga nýrri útgáfu 🛛 🔀
Sjálfvirk athugun á nýrri útgáfu O Daglega Nikulega Mánaðarlega O <u>A</u> ldrei
<u>A</u> thuga núna <u>H</u> ætta við

Veldu þá tíðni sem henta þér og smelltu svo á **Athuga núna**. Þá er framkvæmd fyrirspurn yfir netið og ef ný útgáfa er í boði, birtist þessi gluggi:

Confirm	n 🛛 🔀	
2	Ný útgáfa af Tannlæknaþjóninum er nú í boði, og uppfærslurétturinn gildir fyrir hana.	
	Viltu enda Tannlæknaþjóninn og sækja nýju útgáfuna núna?	
	Yes No	

Ef þú velur að sækja nýju útgáfuna, er slökkt á Tannlæknaþjóninum og í framhaldi opnast vefsíða, þar sem þú getur sótt uppfærsluna. Vistaðu hana þar sem best hentar og ræstu hana. Ef þú notar Windows VISTA, 7 eða 8, þarftu að ræsa forritið sem kerfisstjóri (Run As Administrator). Uppfærsluálfurinn leiðir þig áfram og eftir skamma stund er nýja útgáfan orðin virk. Auðveldara getur þetta varla orðið!

Þú ræður hvort og hvenær þú sækir nýja útgáfu. Við mælum þó með að þú uppfærir sem oftast, til að geta notað nýjungar og lagfæringar sem koma í nýjustu útgáfu forritsins hverju sinni.

Aðrar aðgerðir	75
l	

Þessi síða er viljandi höfð auð



9 Sannprófun gagna

9.1 Finna galla í gögnum

Með Tannlæknaþjóninum fylgir hjálparforrit (TannData.exe) sem les yfir öll gögn í kerfinu og birtir viðeigandi athugasemdir ef gallar eða ósamræmi finnst.

Smelltu á táknmyndina **Sannprófa gögn** á skjáborðinu til að ræsa forritið. Ýttu síðan á takkann Sannprófa töflur og hefst þá yfirlesturinn.

📓 TannData - Unnið með gögn Tannlæknaþjónsins	
Skrá Lagfæringar Villuprófa Valkostir Hjálpartól Hjálp	
Skrácafn Tannlasknahióneine	
C:\O diskur\Mánafoss\Aðstoð\Test\db	
Sannprófa skrár	
Athugasemdir og niðurstöður:	
	^
16.10.2011 21:12:39 Sannprofun gagna 1 C:\O_diskur\Manafoss\Adstod\db	
Sannprófar Patient.db (Sjúklingaskrá)	
Færslufiöldi: 1857	
1 : Kennitölu vantar	
1 : Nafn vantar 24 : Kennitala er röng (020393-2109)	
65 : Kennitala er röng (010966-6669)	
161 : Kennitala er röng (080841-2989)	~
Alls voru lesnar 1857 færslur. Afköst = 4.240 færslur/sekúndu	

